

Brímfaxi



Halldór Ármannsson, formaður LS

Staða einyrkja grafalvarleg
bls: 40



Hvernig stenst „Svarta skýrslan“ tímans tönn?

Frægasta skýsla Hafró skoðuð
bls: 26



Suður-Afrika

Réttindabarátta veiðimanna
bls: 46

Tímarit Landssambands smábátæigenda 1. tbl. 2016

Áttæður á sextugum bát á fimmtugustuogfyrstu grásleppuvertíðinni

Ingvi Óskar Bjarnason





Efnisyfirlit

Leiðari, Örn Pálsson	2
Frá formanni, Halldór Ármannsson	6
Pólitíkin, fiskivísindin og sjálfstýringin	8
Nýtur og ómetanlegur þjóðfélagsþegn, viðtal við Ingva Bjarnason	16
Haustkosningar 2016 og smábátaútgerðin	26
Staða einyrkja og smærri útgerða mjög alvarleg, viðtal við Halldór Ármannsson	40
Suður-Afríka, barátta smábátaveiðimanna og frumbyggja	46
Til upplestrar á inn- eða útstími, fróðleikur frá fyrri tíð	54
Til smábátasjómana, landeigenda, ferðabjónustufólks og annarra er málið varðar	56
Vélfræði 101	60
Tækninýjungar: MaxSea V3	62

Útgefandi: Landsamband smábátaeigenda. **Formaður:** Halldór Ármannsson. **Framkvæmdastjóri:** Örn Pálsson. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Halldór Ármannsson og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Nína. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Forsíðumynd:** Arthur Bogason. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1400 eintök.



Leiðari

Í aðdraganda sjómanna­dagsins 2016 er margs að minnst þegar ég rita þessar línur sunnudaginn 22. maí.

Hugurinn reikar til fjölskyldna tveggja smábáta­sjómanna, Ólafs Jóhannesar Friðrikssonar sem fórst 25. apríl og Eðvarðs Arnar Kristinssonar sem fórst 11. maí. Ég votta fjölskyldum og aðstandendum þeirra mína dýpstu samúð.

Sjómönnum er brugðið þegar alvarleg sjóslys verða. Þau minna óþægilega á þá staðreynd að starfsumhverfi fiskimanna er eitt það hættulegasta í heimi. Vissulega hefur margt gott áunnist í öryggis- og fræðslumálum á undanförunum áratugum. Alvarlegum slysum til sjós hefur fækkað stórlega, en alltaf má gera betur.

Til að svo geti orðið má engu til spara við rannsókn sjóslysa, svo lærdóm sé hægt að draga af þeim og veita aðstandendum svör. Aukin þekking og fræðsla eru lykilþættir í bættu

starfsumhverfi sjómanna. Þeir eiga það sannarlega skilið.

Strandveiðar hafa nú staðið í 10 daga. Aflabrögð hafa verið með eindæmum og gæftir víðast hvar góðar. Verð hafa hinsvegar verið lægra en í fyrra, sem munar um 22 kr/kg. Hér er um verulegt áhyggjuefni að ræða sem hefur mikil áhrif. Það er vonandi að það takist að snúa þessari þróun við og markaðssetja handfærafisk frá smábátum sérstaklega þar sem áhersla verði lögð á gæði aflans, smæð útgerða og samfélag hinna dreifðu byggða þaðan sem bátarnir eru gerðir út.


Eitt stærsta hagsmunamál sjávarútvegsins er afurðaverðið. Við erum að upplifa lægra fiskverð á sama tíma og það hefur hækkað hjá þjóðunum í kringum okkur. Hvað veldur því eru sjálfsagt margar ástæður. Styrking gengis og erfiðleikar á sölu hausa og hryggja á Nígeríumarkað er ein þeirra. Þá loðir það enn við hjá einstaka söluaðilum að þeir láta þá sem vel hafa gert í markaðssetningunni ekki í friði. Í



ÁSAFL



Bolungarvík



Cyflakín 3 - 112 Reykjavík - Sími 567 4467 - Fax 567 4766
gummisteypa@gummisteypa.is - www.gummisteypa.is

Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins



Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf.



Fjallabyggð



Aðilarfélög Landssambands smábátæigenda senda félagsmönnum sem landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi
Smábátafélag Reykjavíkur
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra
Smábátafélagið Strandir
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey, smábátafélag Skagafjarðar



Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS

stað þess að selja þegar markaðssetningarferli er lokið er hlaupið yfir það og ánægðum kaupanda boðin sams konar vara á lægra verði. Þannig vinnubrögð eru óþolandi. Samtímis eru þessir aðilar að dásæma starfsemi sína um ábyrgar fiskveiðar, þar sem þeir umgangist stofnana með sjáfbærni.

Við þessa aðila vil ég segja að það er ekki nóg að fara hálfa leið þegar þjóðarhagsmunir eru undir. Þeim ber að skila verkefninu í heild á sjálfbæran hátt. Þeim er treyst fyrir nýtingu auðlindar sem er sameign íslensku þjóðarinnar. Nýtingin nær ekki eingöngu til fiskveiða, hún nær alla leið á disk neytandans þar með talin ábyrg markaðsstarfsemi.

Við þessi orð gætu menn einnig sagt: „Við erum nú ekki stórir, við höfum ekki burði til mikillar markaðsstarfsemi. Í okkur hringja kaupendur alls staðar að og biðja um tilboð“. Sammerkt er með flestum sem hringja að þeir eru að selja íslenskan fisk, frá íslenskum fyrirtækjum. Tilboð til þessara aðila á ekki undir neinum kringumstæðum að gera nema til verðhækkunar. Það eru hagsmunir þjóðarinnar og þar með talið sjávarútvegsins til framtíðar.

Það er mín skoðun að tími sé kominn til að taka til í þessum ranni. Hér er um milljarða hagsmuni að ræða. Til að breyting verði hér á horfi

ég einna helst til sameiginlegrar markaðsstarfsemi þar sem unnið verði eftir ákveðnum siðareglum.

Samofið markaðsmálum eru gæði þess sem er í boði. Átak hefur verið gert í meðferð afla hjá smábátæigendum. Það heyrir nú til hreinna undantekninga ef aflanum er ekki landað ísuðum og vel kældum til sölu á markaði. Þá tekur við hlutverk markaðarins að sjá til þess að kæling haldi áfram þannig að tryggt sé að kaupandinn fái úrvals hráefni í hendur. Miðað við ábendingar sem borist hafa er full ástæða til að fylgjast vel með þeim þætti og í raun öllum ferlinum til vinnsluaðila.

Í haust eru fyrirhugaðar kosningar til Alþingis sem er hálft ári fyrir en kjörtímabilinu lýkur. Á þeim tímavarki velta kjósendur fyrir sér hvað flokkarnir boða og hverju megi búast við í stefnu næstu ríkisstjórnar.

Hjá smábátæigendum er margt undir í þessum efnunum.

- Bæta þarf starfsumhverfi einstaklingsútgerða þannig að þær verði samkeppnisfærar við stærri útgerðarfyrirtæki. Sporna þarf við þeirri þróun að þeir einir geti bætt við sig aflaheimildum sem hafa vinnslu sér við hlið. Haldi sú þróun áfram gæti framtíðin orðið einsleit og lítt áhugaverður sjávarútvegur sem hefði yfirbragð stóriðju.
- Að strandveiðar verði efldar með því að hækka aflaviðmiðun þannig að róa megi samfelld yfir sumarið, 4 daga í viku mánudag – fimmtudags.
- Línuívilnun verði eflað, afli til veiðanna aukinn og hún nái til allra dagróðrabáta.
- Fiskmarkaðir verði eflir með ívilnun til þeirra sem þar landa.
- Þau fyrirtæki sem eru eingöngu með útgerð greiði lægra veiðigjald en þau sem eru bæði með útgerð og vinnslu.

Ég óska félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum Landssambands smábátæigenda til hamingju með sjómannadaginn.

Örn Pálsson
framkvæmdastjóri



Sjómenn!

Til hamingju með daginn

Starfsfólk Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjómannadaginn.



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Frá formanni



Halldór Ármannsson, formaður LS

Baráttan fyrir útgerð smábáta stendur enn þó mörgum finnist lítið fara fyrir kjarnytum fyrirsögnum blaðagreina og mótmælum vegna breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þrátt fyrir að á undanförunum árum hafi kvarnast úr félagi Landssambands smábátæigenda þá stendur það styrkum fótum. Því miður er það svo fjölmargir aðilar hafi gert flest sem þeir gátu til þess að rjúfa samstöðu félagsmanna LS og þar með reynt að gera út um félagið.

Stærstu aðilarnir (kvótahæstu) sem klufu sig úr LS og stofnuðu m.a. tvenn samtök eða félög hafa yfir að ráða tæpum 60% af aflaheimildum krókaafلامarksbáta. Flestir þeirra eru með báta af stærstu gerð eða hafa látið smíða fyrir sig báta sem leyfilegir eru innan stærðarmarka krókaafلامarksisins. Reglum um stærð báta var breytt eftir mikinn þrýsting frá þessum hagsmunahópi sem hélt þeim rökum hæst á lofti að með stækkun bátanna væri fyrst og fremst verið að hugsa um aðbúnað og vistarverur skipverja. Ekki væri verið að stækka til þess að

koma meiri veiðarfærum eða afla um borð. Og auðvitað átti að bæta meðferð aflans.

Í dag þekkjum við söguna sem liðin er frá stærðarbreytingunum. Margsinnis hafa birst myndir af þessum stækkuðu bátum, drekkhlöðnum, þar sem aflinn er laus út um allt dekk og hluti aflans jafnvel í sömu saltpokunum og notaðir voru fyrir stækkun. En samt var tilgangurinn ekki að auka afkastagetu.

Þróunin hefur leitt til þess að samþjöppun veiðiheimilda hefur aukist og færst á afkastameiri bátana. Að sama skapi fækkar bátunum sem hafa rekstur á ársgrundvelli. Í mörgum tilfellum eru fiskvinnslur eigendur þessara stóru og afkastamiklu báta og ráða á þá sjómenn sem gert er upp við á Verðlagsstofuverði. Einnig er endurvigtun aflans í höndum fiskvinnslunnar, því hægt er að fá leyfi til þess að skila inn vigtartölum innan tilskilins tíma og gilda þær tölur þá sem endanleg vigt aflans.

Landssambandið hefur ítrekað farið fram á að vigtarreglugerð verði endurskoðuð og útfærð þannig að ekki verði hægt að hlunnfara sjómenn, löndunarhafnir, sveitarfélög og samfélagið í heild með vigtartölum, skráðum eftirá. Bæði skekkir þetta samkeppnisstöðu fyrirtækja og, eins og áður sagði, skaðar samfélagið í heild. LS hefur einnig bent á þann möguleika að hægt væri að umbuna þeim sem landa afla sínum á fiskmarkað, þannig að afsláttur fái af veiðigjöldum hvernig sem þau yrðu svo útfærð í hvert skipti. Með þessu móti kæmi réttari mynd af því hve miklu er raunverulega landað af fiski en ekki bara hvað er skráð.

Stærsta ívilnunin í kvótakerfinu í dag er endurvigtunin.

Það var því ánægjulegt að sjá frétt frá Fiskistofu hinn 6. maí sl. um að birting á hlutfalli kælimiðils í afla við endurvigtun kæmi fram á vef Fiskistofu hjá þeim sem hafa endurvigtunarleyfi. Þar verða auðkenndar vigtanir við yfirstöður veiðieftirlitsmanna til samanburðar við aðra endurvigtun.

Stórútgærðin er sífellt að sækja á sem stórnótandi á flestum sviðum. Fyrirtækjunum er þjappað saman og verða stærri og færri og njóta þannig betri kjara í krafti aukins þrústings á þjónustuaðila. Þetta á við í flestum tilfellum s.s. betri lánakjörum, fyrirgreiðslu í bönkum, lægra olíuverði, veiðarfærum o.fl. Þar að auki hafa fyrirtækin sérstakan talsmann samþjöppunar og hagræðingar, Ragnar Árnason, prófessor í rekstrarhagfræði við Háskóla Íslands. Honum leiðist ekki að benda á þá arðsemi sem stórfyrirtækin skapa. Samt eru örfáir einstaklingar (eigendur fyrirtækjanna) sem njóta hennar í formi hundruða milljóna arðgreiðslna á hverju ári.

Öll gjaldtaka sem hið opinbera leggur á er margföld á minni útgærðirnar þegar horft er á tekjuhlið fyrirtækjanna. Á þessum liðum ætti prófessorinn að taka og bera saman og styðjast svo við jafnræðisregluna. En hann hamast við þá iðju að tala niður til smábátaútgærðarinnar og hefur

gengið það langt að segja að betra væri að kasta þeim fjármunum sem þarf til viðhalds og veiða í strandveiðunum beint í sjóinn en að leggja þá í strandveiðikerfið. Einnig er helsta áhugamál hans að sameina fiskveiðikerfin, aflamarkið og króka-aflamarkið. Miðað við þróunina í aflamarkinu í dag sjáum við hvert stefnir, ennþá stærri bátar og alltaf fækkar í áhöfn þeirra.

Þetta er þróun sem við verðum að sporna við.

Stöndum saman um að halda smábátaútgærðinni lifandi í landinu og stuðlum að því að atvinnuréttur einyrkja og smærri fyrirtækja lifi áfram.

Stærri er ekki alltaf betra og meira er ekki alltaf til góðs.

Halldór Ármannsson
formaður LS

GÆÐAVÖRUR FYRIR BÁTINN!



REYKJAVÍK, Dvergshófa 2, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata,
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17, REYKJANESBÆR, Krossmóa 4,
SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15,
Sími: 535 9085 | www.bilanaust.is

FÉLAGSMENN Í LANDSSAMBANDI
SMÁBÁTAEIGENDA FÁ ALLT AÐ
20% AFSLÁTT*
*GEGN FRAMVÍSUN FÉLAGSSKIRTEINIS

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



„Svarta skýrslan“ frá 1975 tekin til skoðunar

Pólitíkin, fiskivísindin og sjálfstýringin

Vísindin eru eitt það stórkostlegasta sem til er. Án þeirra byggja Íslendingar að öllum líkindum enn í niðurgrofnum moldarkofum, ef ekki löngu burtfluttir eða útdauðir.

Vísindin efla alla dáð kvað Jónas Hallgrímsson.

Ég er því sammála, svo langt sem það nær. Vonandi skýrast efasemdir mínar í þessu tilskrifti um að raunveruleg vísindi séu stunduð af þeim ákafa sem „efla alla dáð“.

Í óðaönn nútímans, með yfirhlöðnu áreiti fréttu- og samskiptamiðla erum við hratt og örugglega að missa af heildaarsýn og samhengi hlutanna. Gott dæmi um þetta eru skoðanakannanir. Einn daginn sýna þær þetta og hinn daginn hitt. Þær líkjast þangi í særóti.

Raunveruleg vísindi standa fyrir látlausri þekkingar- og sannleiksleit. Í hnotskurn þýðir þetta að þeim sem þau stunda ber skylda til að draga látlaust í efa viðtekinn „sannindi“ dagsins í dag. Þetta er ekki auðvelt hlutverk. Vísindamenn eru mannlegir og breyskir, rétt eins og við hin. Þeir eru fyrirvinnur, starfa fyrir stofnanir og fyrirtæki sem reka yfirlýsta stefnur, hversu „vísindalegt“ sem það getur talist.

Þær eru óteljandi, uppfinningarnar sem vísindin hafa fært mannkyninu. Margar þeirra hafa haft meiri áhrif á okkar daglega líf en við gerum okkur grein fyrir, dags daglega. Hversu mörgum er td. kunnugt hvernig það kom til að við ökum um á gúmmíhjólborðum, jafn sterkum, mjúkum og þægilegum og þeir eru?

Árið 1834 varð Bandaríkjamaðurinn Charles Goodyear algerlega heillaður af gúmmíi, þrátt fyrir að hafa í raun ekki glóru um hvað hann væri að fást við. Efnið lofaði góðu, en gallarnir

voru augljósir. Gúmmístígvél þess tíma voru ágæt yfir vetrartímann en þegar hlýnaði linuðust þau upp og af þeim lagði hroðalega ólykt.

Charles Goodyear ákvað að leysa þessi vandamál. Varla grunaði hann að þetta yrði ævistarf hans og eftirmnæli. Charles var vísindamaður með köllun: hann seldi og veðsetti allar eigur, hafði af vinum og vanda-mönnum fé og lagði á konu sína og börn ómælt harðræði. Hann breytti eldhúsi fjölskyldunnar í tilraunastofu og drap hana næstum með eiturgufum sem stöðugt lagði uppúr torkennilegum efnablöndum sem hann var með í pottunum á eldavélinni. Allt kom fyrir ekki. Hann endaði í skuldafangelsi. Svo févana var hann árið 1840 þegar tveggja ára sonur hans lést, að hann átti ekki fyrir líkkistu.

Það var svo árið 1843, fyrir hreina tilviljun að kraftaverkið gerðist. Hann sultaði óvart niður efnum á eldavélina í bárujárnsheysinu sem fjölskyldan þá hýrðist í. Þegar hann fór að reyna að verka upp eftir sig áttaði hann sig á því að hafa fyrir framan sig gúmmíefnið sem hann hafði allan tímann leitað að.

Charles Goodyear hafði fundið upp gúmmíið sem við keyrum á dags daglega á bílunum okkar, reiðhjólum og fjölmörgum öðrum farar-tækjum.

Máltækið um að þeir njóti ekki eldanna sem kveikja þá á svo sannarlega vel við í tilfelli þessa merkilega manns. Uppfinningunni var stolið á stundinni og þegar hann dó árið 1860 skildi hann fjölskylduna eftir í skuldafeni. Charles hafði meiri tekjur af bók sem hann skirfaði um ævi sína en nokkru sinni uppgötv-uninni.

Fyrirtækið Goodyear sem í dag ber nafn hans með stolti hefur ekkert annað að gera með hann eða hans afkomendur.

Framangreint er sjálfsagt heldur langur formáli að því sem á að vera meginsteff þessara skrifa, en góð saga er alltaf góð, jafnvel þótt endirinn sé ekki samkvæmt Hollywood stöðlum.

Sjálfstýringar um borð í skipum er önnur stór-kostleg uppfirning. Hér verður tilurð þeirra ekki rakinn að öðru leiti en því að þær komu fyrst

fram á sjónarsviðið árið 1914 í flugvélaíðnað-inum.

Þau þægindi og vinnusparnaður sem sjálfstýr-ingar skapa sjófarendum eru ómæld. Í dag er yfirleitt litið svo á að sé sjálfstýringin biluð sé báturinn bilaður.

En hversvegna að nefna sjálfstýringar í þessu sambandi öllu saman?

Ástæðan er sú að pólitíkin og fiskivísindin hafa tekið hana í þjónustu sína.

Mælingar vísindamanna á ástandi lífríkisins við strendur landsins er á sjálfstýringu. Þegar þetta er skrifað er togararalli Hafró 2016 nýlokið. Samkvæmt fyrstu fréttum er heldur betur uppi tippið á þorskinum, rétt eins og fyrir ári síðan. Þetta er í samræmi við það sem fiskimenn hafa sagt í miklu lengri tíma – það er mikill þorskur á ferðinni hringinn í kringum landið.

Sé til þess litið hvað hefur verið að gerast í atvinnuveiðunum er ljóst að aflabrögð ýmissa veiðarfæra er með fádæmum.

Dæmi: línuveiðar á grunnslóð hafa gengið svo vel að veiði á bala (sem er grunneining í viðmiði línuveiða) er langt fyrir ofan það sem tíðkaðist þegar þorsstofninn átti að hafa verið miklu stærri en hann er nú, samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunar. Vel má vera að krókar dagsins í dag séu betri en forverar þeirra og ekki útilokað að menn séu orðnir slyngari í vali á beitu. Á móti kemur að í dag er látið liggja mun skemur og dregið miklu hraðar.

Þá er það netarall Hafrannsóknastofnunar. Mokið í því hefur verið með ólíkindum. Netarallið vegur hinsvegar ekkert í stofnstærðarútreikningum. Það er haft til „hliðsjónar.“

Vart þarf að geta þess að nokkur ár eru síðan Hafrannsóknastofnun ákvað að gögn frá fiski-skipaflotanum skyldu framvegis ekki hafa neitt vægi í stofnstærðarlíkaninu. Frá mínum bæjardyrum séð er það ein undarlegasta ákvörðun fyrr og síðar í þessum efnum.

Ég hef verið ólatur við að gagnrýna togararallið í gegnum tíðina og sé síður en svo ástæðu til að láta af því. Nú er hinsvegar málum svo fyrir



Þorskur í krapa. Hvítu kornin eru högl sem almættinu þótti ástæða til að bæta við kælinguna.

komið að ég, auk örfárra kverúlanta leggja þar orð í belg.

Ég tek fram, sem endranær, að ég tel að starfsfólk stofnunarinnar sé upp til hópa hið ágætasta fólk og góðir vísindamenn. Persónulega hef ég ekkert nema gott af þeim að segja.

Af ástæðum sem ég hef aldrei náð að átta mig á, var á einhverjum tímapunkti, væntanlega af æðstráðendum, ákveðið að tiltekinni stefnu og útreikningum skyldi fylgt, sama hvað hver segði.

Það þarf enginn að segja mér að allir þeir ágætu vísindamenn sem starfað hafa hjá Hafró séu þessari aðferðafræði sammála. En mig grunar sterklega að hér spili inni nokkuð sem fáir átta sig á, en er í raun lögmál sem víða gildir. Þetta lögmál kallast skambyssuaðferðin: „...ertu ekki örugglega sammála“?

Við blasir að þægindin af sjálfstýringunni í þessum efnum hefur slegið höfgi á menn.

Í dag nenni ég ekki lengur að tuða yfir lélegum þvotti á bílnum í Lökkri. Reyni bara að gleyma því sem allra fyrst og strjúka af verstu blettina á hlaðinu heima hjá mér.

Svarta skýrslan

Í frægustu skýrslu íslenskrar fiskifræði, „Svörtu skýrslunni“ sem kom út árið 1975 var ástandi þorskstofnsins lýst á þann veg að hann væri við dauðans dyr. Það reyndist dauðans vitleysa.

Á Fiskipingi árið 1979 trommaði þáverandi forstjóri Hafrannsóknastofnunar í pontu með mikla ræðu. Þar las hann m.a. upp tilþrifamikinn kafla úr þessari dæmalausu skýrslu. Ég veit að langar tilvitnanir eru þreytandi fyrir lesendum, en ég verð engu að síður að leggja á þá sem hafa nennu til að plægja sig í gegnum þessi skrif að birta hér orðrétt það sem forstjórinn las upp:

„Undanfarna tvo áratugi hefur árlegur þorskaflí á Íslandsmiðum numið að meðaltali um 400 þúsund tonnum. Mestur varð aflinn árið 1954 tæplega 550 þúsund tonn en minnstur árið 1967 345 þúsund tonn. Árin 1968-1970 óx aflinn aftur og náði hámarki árið 1970 (471 þús. tonn). Aukningin umrætt árabíli stafaði að verulegu leiti af sterkum þorsgöngum frá Grænlandsmiðum. Síðan árið 1970 hefur afli farið síminnkandi (375 þús. tonn árið 1974) þrátt fyrir 3 góða árganga frá árunum 1964-69. Þessum minnkandi afli veldur einkum tvennt: 1. Klak við Grænland árabílið 1964-1969 hefur verið mjög lélegt og því dregið verulega úr göngum þaðan. 2. Með stækkandi fiskiskipastól hefur sóknin í ókynþroska hluta stofnsins farið ört vaxandi, þannig að þeim fiskum sem ná kynþroska og ganga á hrygningarstöðvarnar fer fækkandi.

Vegna þessarar miklu sóknar í þorskin á uppeldisstöðvunum fyrir Norður- og Austurlandi fæst ekki lengur hámarksnýting úr stofninum. Þetta ástand hefur ríkt um nokkurra ára skeið og fer versnandi.



Við sendum sjómönnum, útgerðarmönnum, fiskvinnslufólki og fjölskyldum þeirra hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn!

BÁTADÆLUR SKELJUNGUS

Þjónusta um land allt

Viðskiptakort Skeljungs virka á öllum dælum og staðgreiðslukort á völdum stöðum(*). Allar nánari upplýsingar fást hjá þjónustuveri Skeljungs í síma 444-3100 og á www.skeljungur.is.



Árskógarströnd
Bíldudalur
Bolungarvík*
Djúpivogur
Eskifjörður
Flateyri

Grindavík*
Hafnarfjörður
Hofsós
Húsavík
Ísafjörður
Ólafsfjörður

Ólafsvík*
Reykjavíkurhöfn
Rif*
Sandgerði*
Seyðisfjörður
Siglufjörður

Skagaströnd*
Snarfari í Reykjavík*
Suðureyri*
Súðavík
Tálknafjörður
Vestmannaeyjar
Þingeyri



Talið er að hámarksafurkastur þorsstofnsins sé nær 500 þús. tonn á ári. Til þess að ná þeim afla þarf að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að minnka núverandi heildarsóknarþunga í þorskinn um helming.
2. Að koma í veg fyrir veiði smáfisks, þriggja ára og yngri og draga verulega úr veiðum á fjögurra ára fiski.

Fiskiskipastóll sá sem stundar þorskveiðar á Íslandsmiðum er allt of stór. Árið 1954 veiddust nær 550 þúsund tonn af þorski. Þá mun fiskveiðidánarstuðull (sóknareining) í kynþroska hluta stofnsins hafa verið innan við 0.5 (var 0.4). Í dag er afli flotans verulega minni, en fiskveiðidánarstuðull 0.9-1.0, þ.e. sóknin hefur a.m.k. tvöfaldast, án þess að afli hafi aukist.

Ef sókin yrði minnkuð um helming, myndi slíkt ekki aðeins þýða nokkurn vegin sama aflamagn á land þegar til lengdar lætur, heldur myndi afli á sóknareiningu vaxa verulega strax, sem þýðir í raun mun arðbærari veiðar en áður.


Til þess að ná þessu markmiði, þarf að friða algjörlega 3 ára þorsk og yngri og draga verulega úr sókn í eldri hluta stofnsins á næstu árum, þannig að þorskaflinn 1976 fari ekki fram yfir 230.000 tonn, en vegna hins óvenjusterka árgangs frá árinu 1973 má auka aflahámarkið í 290 þús. tonn. Ef þorskveiðum verður framhaldið með núverandi sókn mun aflinn næstu 2-3 árin haldast í um 340-360 þús. tonn, en fara síðan ört fallandi. Stærð hrygningarstofnsins hefur minnkað ört á allra síðustu árum eins og afli undanfarnar tvær vetrarvertíðar ber vitni um. Þó mun vertíðarafl minnka enn frá því sem nú er, þar sem meginhluti aflans við óbreytta sókn yrði smáfiskur. Er fram líða stundir mun smáfiskveiði valda enn frekari rýrnun hrygningarstofnsins. Með tilliti til þess alvarlega ástands sem nú ríkir í þorsstofninum eins og rakið er hér að framan, leggur Hafrannsóknastofnunin eindregið til að heildarafl þorsks á Íslandsmiðum fari ekki yfir 230 þús. lestir árið 1976.

Heildarsókn útlendinga í heildarsókn í íslenska þorsstofninn var 37% á s.l. ári. Því er ljóst að jafnvel þótt erlend veiðiskip hyrfu af

miðunum, er íslenski fiskiskipastóllinn of stór til hagkvæmrar nýtingar þorsstofnsins, eins og sókn íslenska flotans er háttað í dag“.

Það verða höfundar „svörtu skýrslunnar“ að eiga að það var ekkert farið í launkofa með hlutina. Enda dró forstjórinn þá ályktun eftir lesturinn að „**ragnarök þorsstofnsins**“ væru handan hornsins.

Í framhaldi af þessari tilvitnun er rökrétt að skoða hvernig aflabrogð þróuðust í kjölfarið, ekki síst í ljósi þess að „ragnarök“ þorsksins blöstu við ef veitt yrði meira en 230 þúsund tonn árið 1976:





Að loknu árinu 1980 (á fimm árum) var samtals búið að veiða 674 þúsund tonn umfram 230 þúsund tonna tillöguna, hefði hún staðið öll árin, en hefði samkvæmt einföldum excel útreikningi átt að trappast niður í sjálfkrafa lokun veiðanna – stofninn væri einfaldlega uppveiddur.

Frá sjónarhorni leikmanns liggur beint við að álykta, hefðu spádómar „Svörtu skýrslunnar“ átt við rök að styðjast, að nú hlytu skuldadagar að renna upp.

Þvert á móti reyndist árið 1981 mesta aflaár í sögu íslenska fiskiskipaflotans. Þorskaflinn varð 470 þúsund tonn, eða ríflega tvöfalt meiri en heimsendaspaín frá 1975.

Sé árið 1981 tekið inn í útreikninginn var „umframveiðin“, orðin 914 þúsund tonn, eða nokkrum þúsund tonnum meira en stofnunin mældi veiðistofn þorsksins árið 1975 (895 þúsund tonn).

DFF1, DFF3, BBDS1 og DFF1-UHD dýptarmælar



Mælarnir nettengjast
beint inn á MaxSea
Time Zero




Furuno Digital Filter FDF er truflanadeyfir þróaður af Furuno. Hann hefur þann eiginleika að geta eytt burtu truflunum á sama tíma og hann heldur inni lóðningum á stökum fiskum og torfum á skýran og mjög greinilegan hátt, hvort heldur sem unnið er á grunnu eða djúpu vatni. Þessi eiginleiki FDF dýptarmællanna frá Furuno gerir þér kleift að sjá það sem þú hefur alltaf viljað sjá í dýptarmæli betur en áður; fisk, stærð hans og jafnvel fjölda í torfu. Ótrúlegt en satt!




TrueEcho CHIRP er ný tækni sem er hönnuð til að vinna á ákveðnu tíðnisviði í stað eins geisla og notar til þess breiðbands botnstykki. DFF1-UHD dýptarmælirinn frá Furuno er mögnuð nýjung á þessu sviði sem skilar endurvörpunum kristaltærum og skýrum. Þetta gerir alla aðgreiningu á fiski greinilegri, jafnvel þó hann sé að hluta til í torfu eins og sést á myndinni hér að neðan.



ACCU-FISH er tækni til stærðargreiningar sem Furuno hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir. Þessi tækni er reiknilíkan sem reiknar út stærð endurvarpsins og birtir það á skjánum. ACCU-FISH getur stærðargreint fisk á dýpi, frá 2 m til 100 m og stærðir fisks frá 10 cm til 180 cm.



BDS er botngreining sem greinir botninn í fjórar mismunandi gerðir; grjót, möl, sand og leir. Þessar upplýsingar gefa mælarnir BBDS1 og DFF1-UHD út. Hægt er að fá botngreiningu eftir litum eða sem grafíska mynd. Í MaxSea Time Zero er einnig hægt að fá þetta sett fram sem súlurit.



Hér ber að líta á fleira úr skýrslunni:

„Ef þorskveiðum verður framhaldið með núverandi sókn mun aflinn næstu 2-3 árin haldast í um 340-360 þús. tonn, en fara síðan ört fallandi“.

Vissulega var aflinn á þeim slóðum í 2-3 ár, en hrunið kom ekki. Þvert á móti, eins og súluritið sýnir glögglega (og hvað þá aflinn 1981) þá jókst hann stórkostlega.

Árið 1981 var um fleira merkilegt, ekki síst í ljósi þess að:

„Stærð hrygningarstofnsins hefur minnkað ört á allra síðustu árum eins og aflí undanfarnar tvær vetrarvertíðar ber vitni um. Þó mun vertíðarafli minnka enn frá því sem nú er, þar sem meginhluti aflans við óbreytta sókn yrði smáfiskur.“

Hin gríðarlega veiði metveiðiárið 1981 sker sig úr úr vegna **fjölda fiska í aflanum 8 ára og eldri**. Í allri töflu Hafró í 2015 skýrslunni er það aðeins árið 1955 sem hefur vinningin í þessum efnunum, en það ár var næst mesta aflaár á Íslandsmiðum (þá veiddu hér erlendir fiskiskipafloatar við hlið íslenskra skipa).

Í „Svörtu skýrslunni“ er lögð áhersla á fleiri aðgerðir til að allt færi ekki á versta veg:

1. Að minnka núverandi heildarsóknarpunga í þorskinn um helming.

Gerðist aldrei.

2. Að koma í veg fyrir veiði smáfisks, þriggja ára og yngri og draga verulega úr veiðum á fjögurra ára fiski.

Kaldhæðni náttúrunnar ríður stundum ekki við einteyming. Á árinu 1976 voru veidd 350 þúsund tonn sem samanstóðu af rúmlega 122 milljónum þorska 3-14 ára gömlum (Skýrsla Hafró 2015). Þar af var 3ja ára þorskur 23,6 milljónir (19%) og 4ra ára tæpar 40 milljónir (33%), **eða tæp 52% af heildarfjöldanum**.

Allar þær forsendur sem „Svarta skýrslan“ lagði til grundvallar spádómum um ragnarök þorskstofnsins reyndust kolrangar.

Ég hef leitað með logandi ljósi að einhverjum vitrænum skýringum. Þær finn ég ekki. Tilvísanir í Grænlandsgöngur og stóran árgang frá 1973 duga ekki til.

Framhaldið

Þorskurinn er ólíkindatól. Í merkri bók Mark Kurlansky um þorskinn (**Þýdd og gefin út á íslensku árið 1998: Ævisaga þorsksins: útgefandi Hans Kristján Árnason**) lýsir hann gríðarlegum áhrifum hans á gang mannkynssögunnar, sérstaklega á Norðurlóðum. Stríð hafa verið háð þorsksins vegna, hann hefur verið kveikjan að byltingum og heilu efnahagskerfin hafa byggst á honum og þar með framfærsla samfélaga og þjóða. Ísland hefði að öllum líkindum ekki byggst nema fyrir tilvist þorsksins.

Þorskur er skilgreindur sem botnfiskur, líklegast af gömlum vana. Sé hegðunarmunstur hans skoðað á sú skilgreining aðeins við að hluta. Þorskurinn er fyrst og fremst tækifærissinni sem er trúlega helsta skýring þess hversu öflugur hann er í Norður-Atlantshafinu. Hann er í bland botnfiskur, uppsjávar- og flökkufiskur, allt eftir því hvað hentar honum. Hann getur haldið sig á örgrunnu vatni og út á hylðýpi, í köldum sjó og heitum. Matseðill hans er fjölbreyttari en flestra ef ekki allra annarra fisktegunda.

Af þeim athugunum sem ég hef gert sýnist mér að hann sé fjölhæfasti fiskurinn meðal jafningja. Ef hann væri gjaldgengur í sjónvarpsþáttunum „Survivor“ myndi hann hafa vinninginn frá fyrsta degi.

Ekki hef ég aðstöðu til að stunda „vísindalegar“ rannsóknir, eins og þær eru að jafnaði skilgreindar. En ég hef aðra möguleika – að tala við menn á vettvangi. Reyndar er það ákveðinn tegund vísindalegra rannsókna – þ.e. eigindlegar rannsóknir. Sú aðferð byggir á einstaklingsviðtölum – þ.e. vísindamenn fara út á akurinn og taka viðtöl við þá sem starfa á vettvangi til að safna í gagnagrunn sérþekkingu þeirra.

Ég ætla ekki að setja mig á svo háan hest að halda því fram að samtöl mín flokkist undir slíka rannsóknaraðferð. En í aðdraganda þessara skrifa hef ég gert meira af því en að jafnaði að

tala við menn um þessi mál og ég tek mikið mark á þeim sem vinna daglega á miðunum, sérstaklega ef þeir hafa verið þar til langs tíma.

Í mínum huga eru þetta þeir sem stunda hið raunverulega „þorskrall“ árið um kring: fjölbreytt flóra manna, ungir og gamlir, menn með mikla reynslu og aðrir með minni. Þeim ber öllum saman: magnið af þorski á miðunum er með ólíkindum.

Það var sagt um þá Lúðvík Jósepsson og Mattíhas Bjarnason, sem báðir voru sjávarútvegsráðherrar fyrir daga hinnar „vísindalegu nákvæmni“ varðandi nýtingu fiskistofnanna, að þeir hefðu hringt í menn, allt í kringum landið og spurt fréttu af ástandinu á fiskinum og hvernig veiðarnar gengju fyrir sig. Þessi samtöl í bland við brjóstvit þeirra sjálfra og hliðsjón af tillögum Hafrannsóknastofnunar réðu þeirra ákvörðunum.

Í dag er einskis spurt. Togararallið eitt og sér ákvarðar tillögur Hafró og regla stjórnmalamanna er orðin sú að hlýða að mestu möglunarlaust. Undirgefningin réttlæta þeir með tuggunni um „bestu vísindin“.

Ég spyr: Hvar og hvenær var það ákveðið að áratuga reynsla manna væri einskis virði, en prófskírteini hafið yfir allan vafa? Hver fékk fulltingi hvers til að ákvarða að svona skildi málum háttáð?


Hér eru þægindi sjálfstýringarinnar við völd á mjúkum sumardekkjum, kannski frá Goodyear. Það er svo þægilegt að slappa af í skipstjórastólnum og láta hana um vinnuna. Sjálfstýring stjórnmalamanna heitir Hafró. Sjálfstýring Hafró heitir togararall.

Þessum aðilum til upplýsinga, þá er það vítavert gáleysi að sofna við stýrið með sjálfstýringuna á.

Arthur Bogason

Fiskiker 300 og 350 lítra og niðsterkir línubalar 70 og 80 lítra

íslensk framleiðsla



BORGARPLAST
www.borgarplast.is

Völuteigur 31, 270 Mosfellsbær, sími 561 2211, fax 561 4185, borgarplast@borgarplast.is



Áttæður á sextugum bát á leiðinni á fimmtugustu og fyrstu grásleppuvertíðina!

Nýtur og ómetanlegur þjóðfélagsþegn

Það var það fyrsta sem mér kom í hug eftir að við Ingvi Óskar Bjarnason frá Arnórsstöðum-Neðri á Barðaströnd höfðum setið að skrafi eina síðdegisstund í mars s.l.

Í öllum hamagangi og yfirborðsmennsku nútímans ber lítið á mönnum eins og Ingva. Hann er ekki að troða sér fram eða heimtandi athygli. Hann hefur frá unga aldri stundað erfiðisvinnu, bæði til sjós og lands og nú, þegar hann heldur inn í níunda áratug ævi sinnar er hann að undirbúa sig fyrir grásleppuvertíðina, þá fimmtugustu og fyrstu í óslitinni röð.

Það myndi gera mörgum gott að kynnast hans æðrulausa viðhorfi til lífsins og tilverunnar.

Þú ert fæddur á Barðaströndinni?

Ég fæddist á Arnórsstöðum árið 1935 og ólst þar upp og er nýorðinn áttæður. Ég hef átt þar heima allar götur.

Konan mín, Sigurbjörg Jónsdóttir er einnig fædd á Barðaströndinni, árið 1943. Við eigum sex börn, öll á lífi og sum þeirra náði ég góðu heilli að smita af smábátasjómenskunni. Heimir, sonur okkar er í útgerð og dótturin Valgerður er á kafi í þessu.

Ég kynntist ungu sjómennsku og um 14 ára aldur var ég farinn að veiða fyrir heimilið. Þetta gerði ég á lítilli skektu, en til þess að eiga von á einhverjum afla þurfti ég að fara 3-4 mílur fram. Það var eins strokka Göte vél í henni og það þurfti að blanda smurólíunni í bensínið. Ef maður vildi bakka, þurfti að drepa á henni og snúa hana í gagn afturábak. Pabbi hafði sótt mikið á

Þessari skektu, en þarna vorum við farnir að fara á vorin til að sækja grásleppu í net.

Þannig að þú hefur verið búinn að æfa þig í nokkur ár áður en þú hófst atvinnumennsku í grásleppunni?

Já biddu fyrir þér. Það má kannski geta þess að ég riðaði hrognkelsanet úr hampi á veturna, áður en ég fór að fara að heiman á vertíðar.

Hvernig var hrognkelsið nýtt?

Grásleppan var látin síga og að hluta til söltuð, en rauðmaginn var borðaður nýr. Eins og allir ættu að vita þá er hann hollasti fiskurinn sem syndir í sjónum. Einhversstaðar sá ég rannsóknarniðurstöður sem sýndu fram á þetta.

Hrognunum var hinsvegar ekki litið við, en eitt árið, þegar ég sat uppi með nokkrar óseldar tunnur, var rollunum gefið yfir heyjið. Þær voru vitlausar í þetta.

Þú tókst við búinu þegar faðir þinn var orðinn aldraður. Var mikill bóndi í þér?

Hugurinn var nú allur við sjóinn og þegar kom upp riða á svæðinu var allt skorið og við fengum okkur ekki fé aftur. Við vorum hinsvegar með nokkrar kúyr, fyrst fyrir heimilið, en einhverja mjólkursölu stunduðum við um tíma. En kýrnar eru farnar fyrir allnokkrum árum. Við fengum okkur reyndar nokkra kálfa sem stórgripabændur í nágrenninu vildu losna við og vorum með þá í nokkur ár.

16 feta bátur úr Bátalóni

Eftir að þessum vorveiðum lauk hófst mikið ævintýri hjá okkur. Þá þóttu bátar frá Bátalóni sérlega fallegir og við réðumst í að láta smíða þar 16 feta bát. Þetta var náttúrulega óskaplega lítið fley og flaut kannski með tonnið og þá komið á lista. Á þessum bát var ég á skaki og þá þurfti að fara mun lengra til, eða 17-18 mílur út með ströndinni á svokölluð Siglunesmið. Handfærin voru nú ekki mjög tæknileg. Maður byrjaði á nælonfærum sem dregin voru ofan í bátinn. Það kom fyrir að þetta fór heldur betur í flækju.

Í þessum bát var tveggja strokka Albine bensínvél og allt í fína með hana. Á þessu fór maður bara í blíðu, en það kom fyrir að það gerði snarpa útlögn með ströndinni á kvöldin. Stundum var ég einn og stundum með mann með mér. Þá var nú ekki fyrir að fara kompás eða talstöð eða björgunarbát, það eina auk vélarinnar var ½ tommu handolíudæla sem við lensuðum með og hún var sífellt að stíflast. Ef það gerðist var vélarrúmið ausið með líters ávaxtaboxi.



Neðri Arnórstaðir á Barðaströnd. Skarðsströnd í fjarska.

Ég var hinsvegar bísna fljótur að fá mér björgunarbát og talstöð, að mig minni Laffayette talstöð sem margir bátar voru með. Gegnum þær var mjög gaman að hafa samskipti, en nú er þetta alveg horfið. Bátar voru alltaf að tala sín á milli. Símaskrattinn er búinn að eyðileggja þetta.

Fyrsti dúptarmælirinn sem ég fékk mér var ljósmælir, sem sló bara neista á dúpið ekkert annað.

Eitt sinn vorum við á Kiðhólmamiðum og hlóðum svo að rétt flaut. Á var rennisléttur sjór. Við ákváðum að fara í Flatey til að losna við aflann en þangað var um klukkustundar sigling. Það hefði ekki mátt anda á skektuna, þá hefði hana fyllt á augabragði. En svo gerðist það í Flatey að kaupmaðurinn þar neitaði að taka við fiskinum. Heldur þótti mér þetta súrt í broti, því við höfðum ekki annan kost en að fara heim,



Ingvi og Sigurbjörg í sól við suðurgaflinn á Neðri - Arnórstöðum og greinilega með sól í sinni líka.

um tveggja tíma siglingu. Til að bjarga fiskinum urðum við að hausa aflann og hlaða þetta horn á lista með salti. Ekki þótti mér þetta skemmtileg framkoma við okkur.

Við söltuðum talsvert af fiski í nausti heima við og seldum á Patreksfjörð og í Flatey.

Ýmislegt fleira var gert á þessum litla bát eins og að ná í fé í nálægar eyjar, jafnvel langt framundir áramót. Það gastaði oft á okkur og féð blotnaði eins og gengur með tilheyrandi þyngslum fyrir bátinn. En allt slapp þetta til.

Það er svo síðar, eða árið 1955 sem ég og bróður minn létum smíða fyrir okkur stærri bát í Bátalóni, sá var 22 feta og borðinu hærri en þeir voru vanir að smíða. Í hann var sett norsk 20 hestafla FM bensínvél. Báturinn fékk nafnið Tjaldur.

Með tilkomu þessa báts var farið að huga að stærri hlutum, fyrst og fremst hrognkelsi. Skakið var aukaatriði. Árið 1965 er upphafsárið í þessu og reri ég 22ja feta Tjaldinum allt til ársins 1980.

Ég réði mig á vetrarvertíð í Flatey 17 ára gamall á bátinn Sigurfara. Þetta var léleg útgerð og t.d. þurftum við að beita og fara með balana sjálfir um borð og á sjóinn.

Tæknin við hrognkelsaveiðarnar hefur varla verið á háu stigi árið 1965?

Í upphafi drógum við netin í skutinn á höndum. Það gat tekið í þegar á var vestan kaldi. Þá gat tekið allan daginn að puða inn 4-5 neta trossu, fullri af þarastönglum og drasli. Árið 1973 var ég með 50 net og hafði strák með mér. Þá vertíðina fengum við 103 uppsaltaðar tunnur í þessi fáu net – en ég vil kalla 60 faðma slöngu net. Við drógum á höndum margar vertíðar. Seinna fékk ég mér norska blökk sem létti lífið mikið.

Ég stundaði vetrarvertíðar í Grindavík og þá tók ég einnig þátt í að veiða stóra þorskinn í nót við Suðurströndina, vorið 1964 sem Surtsey var að gjósa. Þá var ég með Jóni Magnússyni frá Patró en hann var með bátinn Hannes Hafstein frá Dalvík. Það úthald byrjaði á því að við fórum í útilegu frá Patreksfirði og þurftum að beita í göngunum á bátnum. Það var miður geðslegt, alltaf norðan rok og kuldi en um vorið tók hann nót um borð og við héldum í þetta ævintýri sem þessi veiðiskapur vissulega var. Þetta voru meiri draugarnir þessir þorskar, það þurfti helst tvo með sinnhvorn stinginn til að koma einum uppí kar.

Mér líkaði langbest við netin, var alltaf illa við beitinguna í landi. Ég kann ágætlega við skakið og vil helst vera einn á því.

En nú ert þú að leggja í hann á grásleppuna í 51. skipti?

Já ég hef náð að halda þessu alveg óslitnu. Stundum hefur nú afraksturinn ekki verið merki- legur og farið niður í nokkrar tunnur. Það hefur þá kannski verið vegna þess að verðin hafi verið mjög lág. En á grásleppuna fer ég hvað sem tautar og raular. Þetta er ekki bara tekjulind, þetta er lífstíll.

Sigurbjörg konan mín sá alla tíð um söltun hrognanna og dæturnar aðstoðuðu, tóku við hver af annarri eftir því sem þær eldust. Ekki hefur ennþá komið kvörtun útaf einni einustu tunnu frá mæðgunum, enda vandað í hvívetna til verka. Ætli heildarfjöldinn sé ekki kominn eitthvað yfir 2000 uppsaltaðar tunnur frá því að við byrjuðum að puða í þessu. Stærsta vertíðin var árið 1987 eða 1988, hún gaf 160 tunnur.

SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarsson	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is



Frumherji
Skipaskoðunarsvið



Tjaldur BA 68 í höfninni á Brjánslæk. Hann var smíðaður árið 1955 í Bátalóni. Báturinn er í mjög góðu ástandi og fær í flestan sjó.

Tjaldur BA 68 sem þú rærð á er heldur stærri en 22 fet. Hvernig kom hann til?

Hann er líka smíðaður í Bátalóni árið 1955, en ég keypti hann árið 1981. Þetta er bátur sem er 9,7 metrar að lengd og 2,8 á breidd. Hann var nú ekki við góða heilsu. Böndin voru sum hver orðin fúin og það var ekki laust við að mér fundist hann svigna með öldunni. Nafnið fékk hann eftir fuglinum sem var að vappa í kringum hann í fjörunni þegar hann kom vestur.

Ég fór smá saman að láta gera við hann. Smíðað var stýrishús fyrir sunnan sem var sent vestur og lúkar úr áli ásamt ýmsu fleiru. Þá setti ég 48 hesta Buch í bátinn. Frábær vél sem ég þurfti ekki að hreifa við í yfir 20 ár. Þá fannst mér ég verða að stækka, veit nú ekki alveg afhverju, og setti í hann 82 hesta Perkins. Á veturna geymi ég bátinn inni og get því dundað í honum þegar mér hentar.

Þessi bátur hefur reynst mér vel og sjósóknin á honum gengið farsælega. Það gerðist þó eitt sinn að við vorum að fara í róður í leiðinda báru og framundan einar 11-12 mílur. Ég var með strák með mér og dóttur mína Valgerði. Hún var með mér í stýrishúsinu en strákurinn var að fikra sig aftur með þegar hún sá skyndilega undir iljarnar á honum úti sjó.

Báturinn rann eina 50 metra áður en ég byrjaði að snúa honum, en á lensinu tók hann sprettinn, því ég gaf gamla Buckinum inn eins og hægt var. Við náðum til drengsins sem tróð marvaðann og náðum honum um borð. Þetta var snemma vors svo það var kalt og því setti ég hann á vélina og sigldi í land. Honum varð ekki meira meint af volkinu en svo að hann dreif sig á ball um kvöldið.

Það var á þessum bát, Tjaldi BA 68, sem ég gerðist fyrsti atvinnumaðurinn á Barðaströndinni í grásleppu. Þegar menn á svæðinu sáu að hægt væri að hafa af þessu lífibrauði fóru þeir að sækja í þetta og Brjánslækur hefur iðulega eftir það verið ein stærsta löndunarhöfnin við Breiðafjörð. Það munar um minna í strjálbúlinu.

Mörgum drengjum sem nú róa hinum fullkomnu nýtiskubátum gæti þótt sérkennilegt að heyra hvernig tækninni var háttað á þessum árum. Sem dæmi, ef maður lenti í blindapöku, þá þurfti að beita brögðum sem vart þekkjast í dag. Þá þurfti að fylgja kompásstefnu, vakta dýpið og halda jöfnum snúningi á vél ásamt því að vera kunnugur straumpunga og falli. Þá var ekki síður mikilvægt að fylgjast með klukkunni. Eftir ákveðinn tíma átti maður að vera staddur á vissum stað og þetta gekk. Ef ekki, þá beið maður eftir að það birti. Aldrei setti ég uppá sker.

Ingvi, ef við vendum okkar klæði aðeins í kross. Maður með jafn langa og mikla reynslu hlýtur að hafa upplifað allskyns breytingar í umhverfinu, t.d. varðandi ástand fiskistofna og í lífríkinu.

Svo sannarlega. T.d. er sílið horfið. Og lundinn, sem lifir á sílinu og þakti lundabalana á eyjunum hér áður sést vart lengur. Ég tel tvennt geta skýrt þetta. Annars vegar þorskurinn og hinsvegar heitur sjór til margra ára. Þegar ég var krakki, var allt morandi í fuglagjörum á sundunum. Þetta sést ekki lengur. Hrefnan var þarna líka en hún er löngu farin. Það sést kannski ein og ein vegna þess að innst í fjörðunum er síldarkræða. Fiskurinn sem fæst á sundunum í dag er úttroðinn af smákrabba. Í dag er þó lifrin fallegri í honum en áður. Hún

Þykir þér vænt um bátinn þinn?

Bjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúreþanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálfslípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands



Gamla lendingin fyrir neðan bæinn. Til vinstri er vindan sem notuð var við upptökur en aðal innsiglingarennan er sú til hægri.

er hvít og mikil en ekki líkust skóreimum eins og var lengi vel.

En hvað með magnið af þorskinum, áður og nú?

Það er meira en þegar ég var krakki. Þá þurfti maður að fara út með öllu til að ná í soðið fyrir heimilið. Mér finnst hin síðari ár fiskurinn ganga miklu meira inneftir. Karlarnir á undan mér voru oft á tíðum í vandræðum með að ná inn fyrir heimilið. Hversvegna fiskurinn gengur miklu innar núna veit ég ekki, en hann gæti verið að elta síldarkræðu á vorin. Svo er rækja í innstu fjörðunum sem þorskurinn gæti verið að sækja í.

Árið 1984 er kvótakerfið sett á. Hvernig tilfinning var það fyrir mann sem alla tíð hafði verið frjáls maður?

Mér fannst ég vera kominn í hlekki. Ég minnst þess að hafa farið ofaní fjöru með mitt nesti og þurfti ekki að spyrja neinn og fór á mínum bát á sjóinn. Ég hef samt náð að aðlagast þessu ótrúlega vel. Ég er hinsvegar ekki sáttur við þetta fyrir hönd þeirra sem stunda strandveiðarnar, en þær styð ég eindregið. Mér finnst furðulegt að menn á litum bátum þurfi að sækja á móti mönnum á stórum bátum í hvernig veðri sem er. Það er beinlínis hættulegt. Ég er löngu

búinn að mynda mér þá skoðun að það eigi að leyfa mönnum að sækja ákveðinn dagafjölda í mánuði sem þeir ráða sjálfir. Strandveiðarnar eru líflegar og eiga að vera.

Afskiptasemin er stórt vandamál. Sem dæmi vil ég nefna er þegar Fiskistofa er að skipta sér af því hvort við notum baujur eða belgi á netatrossurnar. Belgirnir eru miklu sjáanlegri og hversvegna megum við sem vinnum við þetta ekki ráða þessu?

Varðandi strandveiðarnar, þá er mikið gaman að vera á Ströndum þegar bátarnir eru að koma inn til löndunar í Norðurfirði og það er löndunarbið í góða veðrinu.


Mörgum þykir nóg um að vinna fram á hin skilgreindu ellilífeyrisár. Þú ert ekki alveg á þeim buxunum?

Ég ætla að dútla í þessu svo lengi sem ég get. Mér finnst ágætt að bregða mér á sólarströnd, en ég kann ekkert annað en að vinna og að hafa eitthvað fyrir stafni.

Hefur þú upplifað á sjó að góðir vættir væru með þér?

Mig hefur oft dreymt fyrir atburðum og í eitt skipti dreymdi mig þannig að ég vissi að eitt-

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?



Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is

hvað kæmi fyrir. Þá dreymdi mig á morguntíma að hásetinn sem var með mér fékk frí og annar maður kæmi í staðinn og þá dreymdi mig að afi þess manns lægi ofan á mér með hníf. Ég vaknaði áður en ég vissi hvort ég kæmi honum af mér eða ekki. Ég sagði konunni frá þessu, en þegar maður ætlar á sjó, þá fer maður. Þetta var þegar ég reri á minni Tjaldinum. Við sker sem heitir Flataflaga átti ég net og ef á var vestan kaldi og aðfall var stórhættulegt að draga þar. Við drógum okkar net en áttum þessi net eftir og þráhyggjan að klára gerði að verkum að við fórum í þau. Á var bæði vestan kaldi og aðfall. Eina leiðin var að draga eins og við ættum lífið að leysa, því framendinn stóð alltaf uppí skerið. Þetta gerði ekki meira en að sleppa, báturinn var iðulega rétt kominn uppí skerið. En þegar drættinum var lokið varð ég feginn, draumurinn búinn.

Mig dreymir oft fyrir veiði og krökkunum mínum líka. Þegar þeim dreymir að sjór falli upp að bæ,

þá er oft mok grásleppuveiði. Ef mig dreymir að báturinn sé í fjörunni í brimi, þá fer ég á sjó ef það er gott veður og þá fiska ég alltaf vel.

Hefur þig dreymt að báturinn væri fullur af sjó?

Þegar mig hefur dreymt að báturinn sé hálf-sokkinn, hef ég alltaf fengið góðan afla.

Þér líður vel að vera einn til sjós, en finnst þér þá vera einhver verndarhendi yfir þér?

Mér finnst ég aldrei vera einn og get ekki gert neina sérstaka grein fyrir því.

Hvað með trúmálin?

Ég veit ekki alveg hvað skal segja um það. Ég hef mína trú fyrir sjálfan mig. Ég er ekki kirkjurækin en ég hef hugsað mikið um þessa hluti frá því ég var barn.



Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir á sjómannadaginn



Marás ehf.
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - Fax: 565 7230
www.maras.is

Allt fyrir nýsmíðina

Allt fyrir sjávarútveginn

Hvað með annarskonar veiðiskap?

Við lögðum fyrir lúðu, svona fyrir okkur. Stundum kom hún og stundum ekki. Eitt sinn var ég með nágranna mínum á næsta bæ, á hans bát. Við lögðum einhver 3-4 bjóð með 40-50 krókum í bjóði. Við fengum 6 lúður en oftast vorum við að fá 1-2 lúður og þetta var bara fyrir heimilið.

Einhverntíma lögðum við fyrir hámeri, en það gekk ekki, Ég fékk þó eina eða tvær slíkar í grásleppunetin og einu sinni hákarl, heljarinnar draug. Við drösluðumst með hann inn að bryggju að Brjánslæk þar sem hann var skotinn. Morguninn eftir var hann hinsvegar lifandi. Skotmaðurinn hafði ekki hitt heilann, því hann er víst svo framarlega.

Nú nálgast vorið.

Ég byrja að ganga í kringum bátinn í janúar. Hann er í svo góðu húsi. Það er nauðsyn-

legt fyrir trébáta til að geta málað þá. Í gegnum tíðina hef ég alltaf átt mikið af stórum rekatrjám, en nú er hætt að reka. Ég lét saga þessi tré í borð sem ég er að reita í bátinn í viðhaldinu. Það er haft fyrir satt að rekatré séu fúavarin og ég á nokkurn slatta sem ég get notað í bátinn.

En það er einhvernveginn svo að maður á alltaf fjölmargt eftir og þannig fer best á því. Maður á margt eftir þegar maður deyr og ekki nokkur leið að ráðstafa öllu.

Ingvi, bestu þakkir fyrir samtalið!

Arthur Bogason



FRÍÐRIK A.
JÓNSSON ehf.

Sendum sjómönnum og fjölskyldum
hamingjuóskir á sjómannaðaginn

SIMRAD

Ratsjár

G3-, G4-, Halo- og
HD Digital ratsjár.
Auka skjátengi (16")
Hraðvalstakkar.
Einfaldar aðgerðir.
Einfalt valmyndakerfi.




Ný tæki !

SIMRAD

Dýptarmælar

Chirp fjöltíðnisveifla.
Ölduhæðarleiðrétting.
Hraðvalstakkar.
Gott vinnuumhverfi.
Góð litastýring á skjá
hjálpur við aðgreiningu.
Innfeltt eða standandi.
9" eða 16" skjár



Ný tæki !

Friðrik A. Jónsson ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 552 2111 - www.faj.is

Siglinga, fiskileitar og rafeindatæki



Hvers geta smábátæigendur vænst á næstu misserum?

Haustkosningar 2016 og smábátaútgerðin

Sem þetta er ritað hefur gengið svo mikið á í landsmálunum að öll hefðbundin þrætuepli hafa bliknað í samanburði. „Nú“ ríkisstjórn hefur sest á valdastóla, gríðarlega „óvænt“ þróun varðandi forsetakosningar og jarðskjálftar útaf lekanda frá aflandseyjum hefur yfirskyggt allt annað.

Eitt af því sem staðfest hefur verið (svo langt sem pólitískar staðfestingar ná) er að þingkosningar verða í haust.

Kosningar til Alþingis hafa frá stofnun Lands sambands smábátæigenda árið 1985 verið allrar athygli verðar. Staðreyndin er sú að frambjóðendur til Alþingis hafa að jafnaði sýnt smábátaútgerðinni verulegan áhuga í aðdraganda kosninga. Þetta á vitaskuld við um fjölmörg önnur málefni, en hér verður eðli máls

samkvæmt einblínt á málefni smábátaútgerðarinnar.

Til marks um að þetta geti skipt miklu og jafnvel sköpum fyrir stjórnámálamenn er aðdragandi kosninganna 2009. Í þeim hanaslag var mikið fjallað (og rifist, að íslenskri hefð) um sjávarútveginn. Frjálslyndi flokkurinn var í baráttunni (átti fjóra fulltrúa á þingi frá kosningunum 2007) og setti m.a. á stefnuskrána að taka kvótakerfið til rækilegrar endurskoðunar. Eitt af því var að rýmka verulega til fyrir smábátaútgerðina.

Fylgi flokksins í skoðanakönnunum fór vaxandi í kjölfarið. Glæpnum var stolið. VG (Vinstri-grænir) spiluðu út trompi þar sem handfæraveiðar smábáta fengu aukið vægi í fiskveiðunum. Eins og hendi væri veifað hrundi fylgið af Frjálslyndum og sópaðist yfir til VG. Draumur þeirra fyrrnefndu var úti – enginn á þing.

Hvað sem segja má um efndir stjórnmalamanna yfirleitt, má VG eiga það að árið 2009 var strandveiðikerfið sett á laggirnar, að stærstum hluta fyrir þeirra tilstilli. Fyrst með bráða- birgðaákvæði (Steingrímur J. Sigfússon) og síðar lögfest í tíð Jóns Bjarnasonar. Á hinn bóginn verður líka að geta þess að kerfið var sett á með belti, axlaböndum, handjárnnum og fótúlu. Af ástæðum sem enn hafa ekki fengist upp á yfirborðið og ekki í neinu getið í aðdraganda kosninganna.

Þegar dregur að þingkosningum fara þeir sem í þeim standa að reikna atkvæðafjölda. Láti þeim hver sem vill. Í þessum útreikningum komast þeir að þeim sannleika að smábátaútgerðirnar eru margar og töluna hægt að margfalda með fjölskyldustærð. Þegar kosningar eru afstaðnar hefur reglan hinsvegar verið sú að áhuginn á þessu elsta útgerðarformi Íslendinga er að mestu sett á ís í aftasta og neðsta steisnum í ríkisstjórnarskútunni.

Í ljósi væntanlegra þingkosninga í haust er ekki úr vegi að skoða hvernig núverandi flokkar á Alþingi fjalla um smábátaútgerðina. Með því að skoða þessi mál nú, er hugsanlega auðveldara en ella að átta sig á því hversu þungt hún vegur í stefnu stjórnmalaflokkanna.

Á Alþingi sitja nú sex stjórnmalaflokkar (eftir stafráofsroð): Björt framtíð, Framsóknarflokkur, Píratar, Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri hreyfingin - grænt framboð.

Fyrst er til að taka hver staðan er nú, þegar þetta er ritað, síðari hluta maímánaðar. Allir eru flokkarnir með aðgengilegar heimasíður á netinu og hvergi er þess getið að ekki sé heimilt að vitna eða afrita þeirra boðskap í þessum efnunum.

Hér skal því byrjað á að fara yfir það sem heimasíðurnar hafa á boðstólum um sjávarútveginn. Til að gæta hlutleysis er stafráofsroðinni fylgt:

Björt framtíð

Af heimasíðu Bjartrar framtíðar, undir þeim hluta hennar sem kallast „kosningaáherslur

2013“, undir fyrirsögninni „Meiri sátt“ er þetta að finna:

„Sköpum varanlega sátt um sjávarútveg á grunni fjögurra stoða:

1. Að arður renni til þjóðarinnar
2. að nýting fiskimiðanna sé sjálfbær
3. að greinin njóti góðra skilyrða til að skila hagnaði og
4. að nýir aðilar geti haslað sér völl í sjávarútvegi.“

Í undirtexta segir:

„* Við viljum meina að það vanti bara herslumuninn í þessu og það hljóti að vera hægt, í góðu samráði allra aðila, að komast að niðurstöðu sem felur þetta allt í sér.“

Framsóknarflokkur

Á heimasíðu Framsóknarflokksins er að finna eftirfarandi undir flípanum „Stefnan“ og þar undir „Ályktanir flokksþings 2015“ :

„Auðlindir hafsins eru eign íslensku þjóðarinnar. Sjávarútvegur er ein af grundvallar atvinnugreinum þjóðarinnar og þýðing hans fyrir efnahag landsins er ótvíræð. Gæta verður þess að stoðir hans séu tryggjar. Huga verður að nýliðun í sjávarútvegi og efla nýsköpun sem tækifæri til nýliðunar.

Veiðirétturinn skal vera eign ríkisins. Gera skal samninga um nýtingu réttarins gegn gjaldi. Fyrir þessa samninga ber að tryggja þjóðinni sanngjarnar tekjur. Gjaldtakan taki mið af gengi greinarinnar hverju sinni.

Makríl þarf að hlutdeildasetja (kvótasetja). Með því fæst aukin festa í veiðarnar með fyrirsjáanleika og tækifærum til hagræðingar í kerfinu. Í ljósi þess að þessum réttindum er úthlutað til einstakra aðila, og vegna fyrrnefndra tækifæra sem verða til vegna hagræðingar, er mikilvægt að sérstakt gjald verði tekið fyrir úthlutun makríls. Huga þarf að tækifærum minni skipa og báta til að efla veiðar á grunnslóð, þar sem aðstæður eru fyrir hendi.



Þröng á þingi á makrílmíðunum. Makrillinn hefur ekki reynst sá happafengur sem margir gerðu sér vonir um.

Fiskmarkaðir þurfa að vera sjálfstæðir aðilar og starfa víðs vegar um landið í dreifri eignar- aðild. Skerpa þarf á skilgreiningu í ákvæðum laga vegna tengdra aðila í sjávarútvegi. Fagna ber uppbyggingu fiskeldis á landinu. Auka þarf landeldi á fiski þar sem nýta má jarðvarma.

Skapa þarf sátt á meðal þjóðarinnar um það fyrirkomulag við stjórn fiskveiða til framtíðar.“

Jafnframt, undir flípanum „Kosninastefnuskrá 2013 stór“ er þetta að finna:

„... ná sem víðtækastri sátt um stjórn fisk- veiða. Blönduð leið verði farin, annars vegar á grunni aflahlutdeildar á skip og hins vegar við úthlutun veiði- leyfa sem taki mið af sértækum byggðaaðgerðum. Greitt verði fyrir nýtingar- réttinn með árlegu, sanngjörnu veiðigjaldi sem tengt verði afkomu greinarinnar.“

Í þessari samantekt er síst af öllu ætlunin að halla á einn eða neinn, henni er fyrst og fremst ætlað að gefa smábátaeigendum hugmynd um hvað við kann að blasa á næstu misserum. Í því ljósi ber að skoða að hér er birtur texti sem Framsóknarflokkurinn setti fram í Atvinnu- veganefnd árið 2013:

Strandveiðar –

Það sem Framsóknarflokkurinn hefur um málið að segja.

Úr álit 2. minni hluta (Sigurður Ingi Jóhannsson) í atvinnuveganefnd við frumvarp

til laga um breytingu á lögum um stjórn fisk- veiða, strandveiðar og stærðarmörk krókaaf- marksbáta.

mars – 2013.

Strandveiðar.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða strandveiðar. 2. minni hluti áréttar andstöðu sína við að festa það hámark sem ráðherra hefur til ráðstöfunar við 3,6% af heildarafla þorsks og sama hlut- fall af heildarafla ufsa. 2. minni hluti telur að óskynsamlegt sé að búa til slíkan sérsma- bátastrandveiðiflota, m.a. af öryggisástæðum. Ljóst er að mikil eftirspurn hefur verið eftir kerfi sem gefur nýliðum tækifæri til að stunda veiðar. Strandveiðikerfið hefur verið tilraun til að svara þessari eftirspurn og telur 2. minni hluti brýnt að kerfið verði byggt upp með þeim hætti að nýliðum verði gefið tækifæri án þess að kvóti sé tekinn frá þeim sem hafa atvinnu af sjómennsku og færður til annarra sem stunda hana í frítíma sínum. 2. minni hluti áréttar að ekki hefur verið sýnt fram á að strandveiðar séu hagkvæmar eða skili þjóðarbúinu meiru en hefðbundnar fiskveiðar. Kerfið hefur aftur á móti sætt alvarlegri gagnrýni nær allra samfé- lagshópa, þ.m.t. strandveiðiflotans sjálfs. Stjórn veiðanna stuðlar að mismunun eftir stærð báta og landshlutum, lágu fiskverði til þátt- takenda, misjöfnum og stundum minni gæðum hráefnisins, óhagkvæmri sjósókn með hærri olúkostnaði þegar bátar þurfa að sigla heim

Til hamingju með daginn sjómenn!

Við hjá N1 sendum hetjum hafsins
og fjölskyldum þeirra um allt land
heillaóskir í tilefni sjómannaðagsins.



Hluti af sjávarútveginum



úr góðri veiði vegna ákvæða um hámarksveiði, útilokun frá nýsköpun á bestu mánuðum ársins og þjóðhagslegri óhagkvæmni sem felst í að fjölga bátum til veiða þrátt fyrir að núverandi floti sé með verulega umframgetu til veiða. Margir hópar samfélagsins eru tilbúnir að leggja til heimildir til nýliðunar en hafa hins vegar ekki áhuga á að heimildir séu teknar af útgerðum landsins til að færa öðrum starfandi útgerðum eða fyrrverandi útgerðarmönnum fiskveiðiheimildir, eða að aflaheimildir séu fluttar úr aflamarkskerfinu í einum landshluta til tímabundinna félagslegra veiða í öðrum landshluta.

2. minni hluti ítrekar þá afstöðu sína að núverandi tilhögun strandveiða sé meingölluð. Margir hafa bent á að veiðina þurfi að opna og gera mögulegri í öllum landshlutum til að styðja við nýliða, kvótalausar útgerðir og frumkvöðla. Þessi sjónarmið setti 2. minni hluti m.a. fram í álit um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á 139. þingi (þingskjal 1709 í 826. máli á 139. þingi).

Ennfremur:

139. löggjafarþing 2010–2011.

þskj. 1709 — 826. mál.

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. a laganna á þann hátt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti ákveðið með reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðum umfram 6.000 lestar geti runnið til flokks minni skipa sem hafa strandveiðileyfi og eru allt að 3 brúttótonn. 1. minni hluti telur að óskynsamlegt sé að búa til slíkan sérsmábátastrandveiðiflota, m.a. af öryggisástæðum.

Víst skiptir stærðin máli

einmitt þess vegna eigum við Sæplastker í öllum stærðum



sæplast

HLUTI AF RPC GROUP



SÆPLAST DALVÍK • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000 • www.saeplast.com

© Sæplast er skrásett vörumerki RPC GROUP



Ljóst er að mikil eftirspurn hefur verið eftir kerfi sem gefur nýliðum tækifæri til að stunda veiðar. Strandveiðikerfið hefur verið tilraun til að svara þessari eftirspurn. Kerfið hefur sætt alvarlegri gagnrýni nær allra samfélagshópa, þ.m.t. strandveiðiflotans sjálfs. Stjórn veiðanna stuðlar að mismunun eftir stærð báta og landshlutum, lágu fiskverði til þátttakenda, minni gæðum hráefnisins, óhagkvæmri sjósókn með hærri olúkostnaði (þegar bátar þurfa að sigla heim úr góðri veiði vegna 650 kg hámarksveiði) og útilokun frá nýsköpun á bestu mánuðum ársins. Allir hópar samfélagsins, þ.m.t. úmsir útgerðarmenn, eru tilbúnir að leggja til heimildir til nýliðunar. Hins vegar er ekki áhugi fyrir að heimildir séu teknar af útgerðum landsins til að færa öðrum starfandi útgerðum eða fyrrverandi útgerðarmönnum fiskveiðiheimildir, eða að aflaheimildir séu fluttar úr aflamarkskerfinu í einum landshluta til tímabundinna félagslegra veiða í öðrum landshluta. Veiðina þarf að opna og gera mögulegri í öllum landshlutum sem stuðning við nýliða, kvótalausar útgerðir og frumkvöðla. Fulltrúar Framsóknarflokksins eru reiðubúnir að taka þátt í mótun strandveiðikerfis er byggist meðal annars á tillögu til þingsályktunar í þskj. 1670, 881. máli á 139. löggjafarþingi (fylgiskjal I) og vísar einnig til fylgiskjals II.

Þskj. 1670 — 881. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum.

Mikilvægt er að haft sé í huga að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 mega allir stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu, þó með ákveðnum skilyrðum. Engu síður er mikilvægt að tryggja þann rétt enn frekar með úthlutun veiðileyfa til svokallaðra strandveiða. Úthlutun aflaheimildanna og þar með stjórn á kerfinu verði fólgin í að ákveða fyrir fram magn og auglýsa veiðileyfi innan fjögurra svæða skipt eftir landshlutum. Bátar fái úthlutað veiðileyfum dreift á báta í stað daga og þau tengd við lögskráningu þeirra. Þannig er réttur einstaklings til veiða tryggður en um leið er reynt að koma í veg fyrir að stórir aðilar geri út marga báta til strandveiða. Með úthlutun leyfa á svæði og á bát ætti dreifing báta að verða skynsamlegri eftir möguleikum

á að veiða. Bátar með kvóta umfram 50 þorskílgildistonn fái ekki strandveiðiheimildir. Réttur til strandveiða rúrnri í hlutfalli við keyptan nýtingarrétt báta. Báti með 25 tonna kvóta væri því heimilt að veiða 50% af úthlutuðum strandveiðiheimildum. Þegar bátur eignaðist 50 tonn skuli hann skila inn veiðileyfi sem þá verður endurúthlutað. Þetta væri hvati fyrir strandveiðibáta til að kaupa sig inn í stærra kerfið. Sambærileg regla gæti gilt um þá sem hafa selt frá sér kvóta. Réttur þeirra til strandveiða gæti þannig vaxið um 20% ári eftir sölu – þannig að eftir 5 ár fengju þeir fullan strandveiðirétt.“



Píratar

Næstir eru Píratar. Þrátt fyrir að hafa einungis þrjá fulltrúa á þingi, hafa skoðanakannanir til langs tíma sýnt mikið fylgi við þá, svo mjög, að full ástæða er að taka það alvarlega.

Af þeim flokkum sem hér um ræðir eru þær breytingar sem Píratar vilja gera á núverandi fyrirkomulagi fiskveiða langsamlega veigamestar. Þeir boða gjörbreytingar á núverandi kerfi.

Á heimasíðu Pírata er að finna undir þeim hluta hennar sem heitir „**Sjávarútvegsstefna**“ tillögur sem samþykktar hefur verið með atkvæðagreiðslu.

Hún hefst á orðunum

„Með tilvísun til eftirfarandi greinar í grunnstefnu Pírata“.

Þar sem textinn er nokkuð langur og líklegur til þess að lesendur, að óbreyttu, ákveði að geyma sér lesninguna þar til síðar, er hér klippt út það sem mestu skiptir varðandi smábátaútgærðina:

„Íslenska ríkið, fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar, skal bjóða aflaheimildir upp til leigu á opnum markaði og skal leigugjaldið renna í ríkissjóð og skulu öll úrslit uppboða vera opinberar upplýsingar.

3. Allur afli skal fara á markað til að gera viðskipti með sjávarútvegsafurðir eðlilegri og bæta hag sjómanna, minni sjávarútvegsfyrirtækja og annara fyrirtækja sem vinna með afleiddar afurðir.

4. Allar upplýsingar frá vigtun og markaði, s.s. tölfraði, skulu vera opinberar.

5. Handfæraveiðar verði frjálssar þeim sem kjósa að stunda þær til atvinnu.“

Í greinargerð segir jafnframt:

„Með frjálsum veiðum einstaklinga á handfæri skal stuðlað að nýliðun ásamt kærkominni búbót fyrir gjörvallt landið. Tilgangurinn er að hafa átyllu fyrir nýja aðila til að komast inn í útgerð án þess að þurfa að standa undir útgjöldum við leigu á heimildum. Skal þetta háð skynsamlegum takmörkunum á fjölda leyfa á einstakling, lögaðila og eftir tegundum báta.“



Samfylking

Eins og að framan greinir er hér verið að afrita af heimasíðum flokkanna. Í tilfelli Samfylkingarinnar er, a.m.k. í fljótu bragði, hægt að skyggna lengra aftur í tímann en annarsstaðar. Byrjum á stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2001:

„Við krefjumst þess að séreignarkvótinn verði afnumin, að allir Íslendingar fái jöfn tækifæri til að hasla sér völl í sjávarútvegi og að þeir sem nýti auðlindina greiði samfélaginu sanngjarna leigu. Við viljum að strandbyggðirnar njóti nálægðar sinnar við gjöful fiskimið og leggjum þunga áherslu á að grunnslóðaveiðar fái möguleika til að vaxa. Öllum þessum markmiðum er náð með frumvarpi Samfylkingarinnar um fyrningarleiðina.“

Stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2003:

„Samfylkingin stefni að því að endurheimta sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum, með markvissri innköllun og endurúthlutun veiðiheimilda þar sem opnaður er aðgangur að veiðiréttinum með jafnræði og réttlæti að leiðarljósi. Þessi leið færir komandi kynslóðum aftur réttinn til arðs og aðgangs að sameiginlegri auðlind, tryggir nýliðun í útgerð og færir íbúum sjávarbyggðanna á ný réttinn til að nýta þá auðlind sem skóp þær.“

Í stjórn málaályktunum Samfylkingarinnar frá árunum 2005, 2007, 2009, 2011, 2013 og 2015 er ekki að finna tilvísun til smábátaútgerðar-

innar eða minni sjávarbyggða, nema í óbeinu almennu orðalagi.

Engu er líkara en smábátaútgerðin hafi lagst á einhversstaðar á tímabilinu og því ekki ástæða til að geta hennar sérstaklega.



Sjálfstæðisflokkur

Í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins árið 2015 er að finna eftirfarandi:

„Öflugur íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegri samkeppni.

Íslenskur sjávarútvegur er leiðandi í heiminum hvað varðar sjálfbærni, þróun og arðsemi. Íslenskur sjávarútvegur er í daglegri samkeppni við erlendan ríkisstyrktan sjávarútveg. Tryggja þarf stöðugleika í rekstrarumhverfi íslensks sjávarútvegs á grundvelli nógildandi aflamarkskerfis svo greinin haldi áfram að vaxa á grundvelli sjálfbærrar nýtingar fiskistofna. Í skjóli öflugs sjávarútvegs vex nýsköpun og vöruþróun. Grundvöllur arðsemi sjávarútvegs mun byggja á samþættingu veiða, vinnslu og markaðar. Góðar samgöngur innanlands og milli landa eru forsenda þess að tryggja gæði og afhendingaröryggi sjávarafurða.

Mikilvægt er að öryggi sjómanna sé ávallt haft að leiðarljósi. Skoða þarf sérstaklega starfsumhverfi smábáta á strandveiðum.“

Hvað átt er við með „starfsumhverfi smábáta á strandveiðum“ er ekki skýrt nánar, sem er miður.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í byrjun febrúar s.l. var borin upp á Alþingi þingsályktunartillaga undir heitinu „Strandveiðiferðamennska“. Hún var fyrst flutt á síðasta þingi, eins orðuð. Fyrsti flutningsmaður var Guðlaugur Þór Þórðarson, en fimm aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru með honum. Þingsályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa viðeigandi breytingar á lögum eða reglum í samráði við hagsmunaaðila og viðeigandi stofnanir í því skyni að heimila ferðamönnum að vera við veiðar um borð í bátum

Ratsjár

M-1623

2,2 kW sendir, skalar frá 0,125-16 sm. 6" LCD skjár. Laus miðunarlína og hringur. Nýr þriggja hraða 38 cm radarhatur sem eykur hraða á stuttum skölum og gefur meiri nákvæmni. Færanlegur kross með aflestri á fjarlægð og stefnu. Sjálfvirk myndstilling (tuning) og styrkstilling. Getur skilið eftir eftirglóð frá endurvörpum. Radar viðvörðun. Hægt að tengja við kompás til að fá raunmiðun.



M-1715

2,2 kW sendir, skalar frá 0,125-24 sm. 7" LCD skjár. Laus miðunarlína og hringur. Nýr þriggja hraða 46 cm radarhatur sem eykur hraða á stuttum skölum og gefur meiri nákvæmni. Færanlegur kross með aflestri á fjarlægð og stefnu. Sjálfvirk myndstilling (tuning) og styrkstilling. Getur skilið eftir eftirglóð frá endurvörpum. Radar viðvörðun. Hægt að tengja við kompás til að fá raunmiðun.



M-1835/1935/1945

4-6 kW sendir, drægi 36-64 sm. 10,4" LCD litaskjár. Fylgir endurvörpum mjög vel á lengri og skemmri vegalengdum. Fáanlegur með 10 skipa ARPA. Tekur við upplýsingum frá AIS tækjum um allt að 100 skip. Fáanlegur annað hvort með 60 cm hatti (4 kW) eða 100/120 cm opnum skanner (6 kW)



FR-8065

6 eða 12 kW x-band sendir. 72 eða 96 mílna ratsjá með 12,1" TFT litaskjá. Sjálfvirk myndstilling og forritanlegir hraðvalstakkar. Sérstaklega hannaður til að greina endurvörp á stuttum skölum. Fáanlegur með 10 skipa ARPA og 100 skipa AIS tengingu.



FAR-15x3/15x8 (IMO)

Tveggja hraða 12 eða 25 kW x-band sendir sem fæst með 4, 6, 6.5 eða 8 feta blaði. Tengist við tölvuskjá og mús ásamt takkaborði. Viðmót sambærilegt vinsælu FAR-2xx7 ratsjámum frá Furuno og sjálfvirkur truflanadeyfir. Báðar útfærslur koma með 50 skipa ARPA og 300 skipa AIS tengingu. Ratsjain kemur á markað á árinu 2016.



sem hafa strandveiðileyfi. Frumvarp þess efnis verði lagt fram í upphafi 146. löggjafarþings.“

Í greinargerð með þingsályktuninni segir m.a:

„Hugmyndin að baki tillögunni lýtur að því að boðið verði upp á nýja tegund afbreytingar fyrir ferðamenn þar sem tveir undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar tengjast saman, þ.e. ferðamennska og sjávarútvegur. Um yrði að ræða sérstaka tegund ferðamennsku sem gerði ferðamönnum kleift að kynnast landi og þjóð betur og upplifa og komast í návígi við eiginlega atvinnustarfsemi hér á landi. Ferðamennska af þessu tagi getur styrkt dreifðari sjávarbyggðir og opnað frekari möguleika til tekjuöflunar. Hún er t.d. stunduð á Ítalíu og í Suður-Frakklandi og gengur þar undir nafninu pescaturismo.“

Sem þetta er ritað hefur ekkert þokast með þessa ályktun, en Guð láti gott á vita.

Vinrsti hreifingin – grænt framboð

Á heimasíðu VG er að finna viðamestu umfjöllunina um málefni sjávarútvegsins. Svo mikil er hún að vöxtum (u.þ.b. 8500 orð, u.þ.b. 17 síður í Brimfaxa) að hér verður það ekki birt í heild og lesendum bent á að fara á síðu VG til að kynna sér málið í heild sinni. Hér er birtur sá hluti efnisins sem lýtur sérstaklega að smábátaútgerðinni. Á það skal og bent að eftirfarandi texti er síðan 2009. Á vefsíðu VG er ekki að finna nýrra efni hvað þetta varðar.

„Smábátaútgerð og nýting grunnmiða:

Á árinu 2008 var fjöldi smábáta á veiðum hérlendis alls 715 talsins, þar af voru krókaafلامarksbátar 15 brúttótonn eða minni alls 611 og heildarafli þeirra hérlendis var 61.343 tonn, þar af 46% þorskur og um þriðjungur úsa. Aflamarksbátar að hámarki 10 brúttórúmllestir voru 104 og öfluðu alls 3.719 tonna, þar af helmingur

Bátamálningarlína Slippfélagsins Umboðsmenn um land allt



Bestun Birtingahús

Dugguvogi 4 Rvk - Borgartúni 22 Rvk - Dalshrauni 11 Sími 588 8000 Hfn - Gleráreyrum 2 Ak - slippfelagid.is

Þorskur en grásleppa skilaði um fimmtungi af aflaverðmæti þeirra. Smábátum hefur fækkað mikið síðustu ár, t.d. um 180 frá árinu 2005, við það að aflaheimildir hafa flust milli báta. Árið 2004 nam olúkostnaður smábáta 2,8% af aflaverðmæti en ísfiskstogara 16,3%. Olúkostnaður smábáta er þó mjög misjafn en samkvæmt könnun Landssambands smábátaeigenda á árinu 2008 reyndist hann vera á bilinu 3-10% af aflaverðmæti.

Margt mælir með útgerð smábáta, svo sem vístvæn veiðarfæri, tiltölulega lágur eldsneytiskostnaður á aflaeiningu, lítil fjárfesting miðað við störf og sú staðreynd að oft eru það fjölskyldur sem að útgerðinni starfa. Athygli vekur að upp á síðkastið hefur veiðst á móta mikið af þorski á línu og í botnvörpu. Einnig liggur fyrir að miðað við stærð og aldurssamsetningu fisks er lítill munur á því hvað veiðist í einstakar tegundir veiðarfæra, nema í netaveiði hefur aflast stærri fiskur.

Smábátar eru vel fallnir til að nýta grunnmið og staðbundnar tegundir eins og grásleppu og ígulker. Veiðar innfjarðarækju hafa einnig þýðingu en eru stundaðar af sérhæfðum og stærri bátum. Með auknum kröfum neytenda um ferskleika, umhverfisvernd og fjölbreytni í fæðuvali skapast hagræn tækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg með því að efla á ný smábátaútgerð.

Fyrirspurn send formönnum stjórnmalaflokka-anna sem nú eiga sæti á Alþingi

Hinn 25. apríl s.l. sendi ég öllum formönnum þeirra flokka sem nú eiga sæti á Alþingi bréf í tilefni væntanlegra þingkosninga í haust. Vegna atburða sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda sérstaklega sendi ég bréfið á varaformann Framsóknarflokksins, þar sem formaðurinn var í frí.

Þeir sem fengu bréfið voru, í stafrófsröð:

Björt framtíð : Óttar Proppé

Framsóknarflokkur : Sigurður Ingi Jóhannsson

Píratar: Birgitta Jónsdóttir

Samfylking: Árni Páll Árnason

Sjálfstæðisflokkur: Bjarni Benediktsson

Vinstri hreyfingin – grænt framboð: Katrín Jakobsdóttir.

Í bréfinu eru bornar upp tvær spurningar og svara óskað fyrir 15. maí s.l.

Hér er bréfið í styttri útgáfu, hefðbundnu upphafi og niðurlagi sleppt:

„Í komandi sjómannadagsblaði (*Brimfaxa*) verður sérstök umfjöllun um stefnu þeirra flokka sem nú sitja á Alþingi varðandi sjávarútveginn og þá sérstaklega smábátaútgerðina, m.a. með beinum tilvitnunum af heimasíðum þeirra.

Tilefni þessa bréfs er að boðað hefur verið til þingkosninga í haust og skrifunum því ætlað að gera félagsmönnum (LS) auðveldara að átta sig á hvernig línur liggja.

Því ber ég upp eftirfarandi spurningar:

Hver verða áherslumál (þíns flokks) varðandi sjávarútvegsmál í væntanlegum þingkosningum?

Mun (þinn flokkur) geta smábátaútgerðarinnar og minni sjávarplássu í því sambandi?

*Svar (þitt) verður birt orðrétt í komandi sjómannadagsblaði *Brimfaxa*.*

Svörin – eða rétta sagt - svarið

Það er skemmst frá því að segja að einungis einn þeirra formanna sem bréfið var sent til sá ástæðu til að svara. Strax eftir að það var sent svaraði Katrín Jakobsdóttir og tilkynnti að VG myndi bregðast við í tæka tíð. Við það stóð hún og hér er svar VG orðrétt:

„Stefnu okkar í sjávarútvegsmálum má draga saman í eftirfarandi punkta:

- a. að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskstofna við Ísland,
- b. að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi,
- c. að tryggja stöðugleika í atvinnu og byggð í landinu,

- d. að auka vægi jafnræðissjónarmiða við ráðstöfun aflaheimilda,
- e. að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu með innheimtu sanngjarnra veiðigjalda,
- f. að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.
- g. að efla nýsköpun í kringum sjávarútveg með áherslu á rannsóknir og þróun.

Við viljum sjá auðlindaákvæði í stjórnarskrá þar sem tryggt verði að allar auðlindir, þ.m.t. nytjastofnar sjávar, verði sameign þjóðarinnar og íslenska ríkið veiti leyfi til nýtingar. Slík ráðstöfun myndi ekki eignarrétt eða óaft-urkallanlegt forræði og byggja á jafnræðis-sjónarmiðum. Af þessu leiðir að gera þarf grundvallarbreytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, bæði hvað varðar ráðstöfun aflaheimilda, framsal þeirra og innheimtu auðlindagjalda. Hvað varðar nýjar tegundir og aðra nýtingarmöguleika sem skapast kunna í framtíðinni þarf að móta nýtt lagaumhverfi sem tryggir jafnræði og sanngirni þegar til úthlutunar nýtingarleyfa kemur.

Mun Vinstri hreyfingin - grænt framboð geta smábátaútgerðarinnar og minni sjávarplássá í því sambandi?

Vinstri-græn hafa í sinni stefnumörkun um sjávarútvegsmál, ávallt lagt áherslu á eflingu smábátaútgerðarinnar. Vinstri-græn komu á strandveiðikerfinu í tíð síðustu ríkisstjórnar. Áhugi er á því innan hreyfingarinnar að efla og þróa það kerfi enn frekar, til dæmis með vali um fastan dagafjöld. Tengja þarf aflaheimildir við byggðalög og auka með því byggðafestu, atvinnu og afkomuöryggi og stöðugleika. Einnig verði komið á fót leigupotti í umsjá hins opinbera sem styðji við eflingu smærri útgerða, auki möguleika þeirra til að afla sér aflaheimilda á sanngjörnu verði og greiði fyrir nýliðun.“

Katrínu þakka ég fyrir að hafa brugðist við beiðninni. Sannarlega hefði ég viljað að allir leiðtogar flokkanna sem hefðu séð ástæðu til hins sama, en svona er lífið. Stundum eru smábátaeigendur svara verðir, stundum ekki.

Sem þetta er ritað hafa nýjar stjórn-málahreifingar boðað þátttöku í komandi kosningum. Viðreisn, Íslenska þjóðfylkingin og Flokkur fólksins a.m.k. og sjálfsagt koma fleiri fram í fyllingu tímans. Einhverjar þessara hreifinga hafa lúst vilja sínum til eflingar strandveiða og þar með smábátaútgerðarinnar. Það er vel.

Tómlæti stjórn málaforingjanna, utan þess eina sem hér er getið að framan, er sannarlega umhugsunarefni fyrir smábátaeigendur.

Hvernig má það vera að það útgerðarform sem flestir Íslendingar hafa taugar og væntumþykju til sé svo lítilssígl í hugum forystumanna þjóðarinnar að einfaldar fyrirspurnir séu ekki svara verðar?

Hvernig má það vera, í hinu sandsmáa samfélagi á eyjunni okkar að mat forystumanna stjórn-málaflokkanna sé að þögn sé þeim mátuleg?

Samantekt

Hér skal reynt að draga ályktun af því sem hér er að framan getið.

Björt framtíð hefur göfug markmið án þess að útfæra þau sérstaklega. Sú staðhæfing af heimasíðu þeirra að það hljóti að vera hægt að ná sátt um sjávarútvegsmálin er ekki beint í samræmi við þann raunveruleika sem aðilar innan sjávarúvegsins hafa búið við og að stærstum hluta skapað sér sjálfir. Hvernig Björt framtíð hyggst bera klæði á vopnin er hvergi getið.

Framsóknarflokkur sker sig úr í þessari samantekt að því leiti að vera eini flokkurinn sem lagt hefur hausinn í bleyti um hvernig hægt sé að afnema strandveiðikerfið – og nauðsyn þess að kvótasetja makrílinn. Lands samband smábáta-eigenda kann flokknum litlar þakkir fyrir hið síðarnefnda og vangaveltur um afnám strandveiðikerfisins er þvert á það sem sambandið hefur ályktað um árum saman.

Fyrir þann sem þetta ritar er undrunarefni hvernig á þessu stendur. Framsóknarflokkurinn hefur frá öndverðu verið tengdur landbún-aðinum og stuðningi við strjálbúlið og störf á

Samferða í 89 ár



Olís hefur allt frá stofnun kappkostað að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi trausta þjónustu með sölu á eldsneyti, smurolíu og rekstarvörum til útgerða. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.



landsbyggðinni. Fjölmarginir bændur eiga t.d. sjávarnyrtjar út frá jörðum sínum og trillukarlar í þokkabót.

Píratar taka dúpst í árina. Þeir vilja að handfæraveiðar verði frjálsar þeim sem kjósa að stunda þær að atvinnu og rökstyðja þá afstöðu með því að frjálsar veiðar einstaklinga á handfæri stuðli að nýliðun og búbót fyrir gjörvallt landið. Með því móti öðlist nýir aðilar tækifæri til að komast í útgerð án þess að standa undir útgjöldum af leigu á aflaheimildum.

Þetta hljómar vel í eyrum smábátæigenda. Þegar til kastanna kemur er hinsvegar spurningin sú hversu þungt þessi mál vega ef Píratar komast í oddaðstöðu varðandi næstu ríkisstjórn.

Samfylkingin, samkvæmt framangreindu, sýnir því mestan áhuga að rukka sjávarútveginn um afnotagjöld. Þau skilaboð Landssambands smábátæigenda virðast ekki hafa komist til skila, hversu ósanngjörn þau gjöld sem lögð eru á sjávarútveginn eru gagnvart smábátaútgerðinni. Hlutfallslega eru öll gjöld sem lögð eru á smábátaútgerðina langsamlega þyngst í rekstrarlegu tilliti fyrir hana.

Samfylkingin á m.a. rætur að rekja í Alþjóð-uflokkinn, sem á sínum tíma var harðasti stuðningsaðili smábátaútgerðinnar á Alþingi, að öllum ólöstuðum. Eins og rakið er hér að framan virðist smábátaútgerðin hafa týnst í málflutningi Samfylkingarinnar og hennar því hvergi getið í síðustu stjórn málaályktunum.

Sjálfstæðisflokkurinn er sá flokkur sem kennir sig við einstaklingsframtakið. Ef eitthvað skil-

greinir smábátaútgerðina er það framtak einstaklingsins, hins frjálsa manns. Oft hefur trillukörlum þótt vanta uppá að flokkurinn fylgdi þessari grundvallarhugsjón eftir og þess í stað hallast að stórfyrirtækjunum.

Það er snúið að draga ályktanir af síðustu landsfundarályktunum hvað þetta varðar. Þingsályktunartillaga um „ferðamannastrandveiðar“ er þó allra góðra gjalda verð og vert að fylgjast með afdrifum hennar á Alþingi.

Vinstri grænir voru þeir einu sem sáu ástæðu til að svara fyrirspurn Brimfaxes varðandi komandi þingkosningar.

Líta má á strandveiðikerfið sem síðasta vígi smábátaútgerðarinnar í þeirri samþjöppun fyrirtækja í sjávarútvegi sem átt hefur sér stað í langan tíma.

Í málflutningi VG er að finna áherslur á að útgerð smábáta með vistvæn veiðarfæri og lágan eldsneytiskostnað og fjárfestingu miðað við störf, sé eftirsóknarverð. Þetta er vel, en svarar ekki þeirri spurningu hversvegna kerfið var sett upp í byrjun með öllum þeim takmörkunum sem raunin varð.

Lokaorð

Með þessum skrifum er ekki ætlunin að hafa áhrif á val manna í komandi þingkosningum. Allir eru frjálssir þegar í kjörklefann kemur. Þeir sem þetta lesa eru hinsvegar hvattir til að kynna sér málin rækilega áður en inn í hann er gengið.

Arthur Bogason

SAMYUNG
MARINE ELECTRONICS

Hágæða tæki og búnaður fyrir skip og báta af öllum stærðum

NF 100 GPS/Plotter/Dýptarmælir

NF 560 GPS/Plotter/Dýptarmælir

AIS-50B AIS tæki í B klassa

Askalind 2 201 Kópavogur S: 414-4414

Simberg

www.simberg.is simberg@simberg.is

Við óskum öllum sjómönnum til hamingju með sjómannadaginn 2016



MAKRÍLVEIÐITÆKI

ÖRYGGI Í NOTKUN
FYRIRFERÐALÍTIÐ
AFKASTAMIKIÐ



VINDUSTJÓRNUN

YFIRSÝN
ÞÆGINDI
EYKUR ÖRYGGI



FÆRAVINDUR

TRAUST
HAGKVÆMNI
ENDING



Slippurinn Akureyri ehf.
Naustatanga 2, 600 Akureyri, ICELAND

Tel: +354 460 2900
Fax: +354 460 2901

dng@dng.is
www.dng.is



Viðtal: Halldór Ármannsson, formaður Landssambands smábátæigenda:

Staða einyrkja og smærri útgerða mjög alvarleg

Á aðalfundi Landssambands smábátæigenda 2013 var Halldór Ármannsson kosinn formaður sambandsins. Hann hafði áður gegnt formennsku í svæðisfélaginu Reykjanes og setið í stjórn LS um nokkurra ára skeið.

Nú, á þriðja ári hans sem formaður Landssambandsins er forvitnilegt að heyra hvernig málin blasa við honum, t.d. glíman við stjórnvöld og fleira.

Halldór, þú ert af Ströndunum?

Ég fæddist á sjúkrahúsinu á Hólmavík 19. ágúst árið 1963, er annað barn foreldra minna af þremur. Fyrir átti mamma einn son sem fæddist árið 1956.

Fjölskyldan bjó á Drangnesi og þar ólst ég upp í mikilli nálægð við sjóinn. Gatan sem liggur í gegnum plássíð var það eina sem skildi að garðshliðið og fjöruna.

Ég man vel eftir því þegar við vorum að leika okkur á ísjökum í fjörunni á ísaárunum 1968 -

1970 við takmörkuð fagnaðarlæti foreldranna. Þá er mér mjög eftirminnilegt að í vorleysingum árið 1969 hvarf ég í bæjarlækinn sem rennur í gegnum mitt þorpið. Ég hafði ásamt leikfélögum mínum verið að brjóta ísrend á lækjarbrúninni þegar ég fór á bólakaf í bakkafullann lækinn og hvarf undir brúnna sem var þröng. Mikið af spútnabraki, gaddavír og girðingarefni hafði skolast eftir læknum sem safnast hafði fyrir og stíflað gatið í gegnum veginn og iðulega flæddi yfir veginn í mestu leysingunum.

Það sem sjálfsagt gerði að verkum að ég spýttist út í gegnum gatið og endaði langt fram á flúðum í fjörunni var hversu óþekktur ég var þegar ég náði að snúa á móður mína er hún ætlaði að klæða mig í rasssíða úlpu með áfastri hettu. Á þessum tíma vann mamma í fyrstihúsinu ásamt flestum þorpsbúum og pabbi var á sjó. Því var ætlast til að elsti bróðirinn væri að líta eftir þeim yngri. Vandi hans var þá að það var varla hægt að líta af svona uppátækjasömum prakkara. Elsti bróðirinn kunnir mér litlar þakkir fyrir rassskellinguna sem hann hlaut fyrir eftirlitsleysið.

Ég á líf mitt að launa þeim frændsystkinum sem voru með mér og hlupu grátandi inn í frystihús og náðu að útskýra hvað hafði gerst. Ef ekki hefði verið háfjara þá stundina væri ekki verið að taka þetta viðtal við mig.

En svo liggur leiðin suður?

Já, árið 1971 fluttum við til Sandgerðis. Pabbi hafði unnið við beitningu þar árið á undan. Kuldinn og ísinn fyrir norðan gerði það að verkum að lítið var um fiskveiðar fyrr en í júní og þurfti því að leita annað að vinnu. Mamma vann oft við beitninguna með pabba en vann líka í frystihúsinu í Sandgerði.

Þegar ég og konan mín, Ásdís Erla Jónsdóttir, sem er frá Sandgerði og rekur ættir norður, stofnuðum heimili fluttum við til Keflavíkur þar sem við búum enn í dag. Við eigum þrjú börn á aldrinum 16 – 28 ára og svo er komið barnabarn, Karl Ágúst Ólafsson, á 5. ári.

Sjórinn heillaði væntanlega snemma á Ströndum, með fjöruna nánast við útidyrnar?

Svo sannarlega. Lífið snerist um bryggjuna og bátana í Sandgerði og á Drangsnesi. Pabbi fór alltaf á grásleppu á vorin og við fórum svo norður þegar skólinn var búinn og þá var stundum verið að greiða niður grásleppunet sem höfðu fyllst af þara í brælum. Við fengum oft að fara með að draga netin þegar var blíða. Mesta sportið var að fá að stýra, halda í handfangið á 9,5 hestafla Johnson utanborðsmótornum á skektunni. Bæði föður- og móðurafi voru sjómenn þannig að sjómannsblóðið rennur í æðum mér. Ég hóf minn launaða sjómannsferil 16 ára gamall.

Hvenær hófst aðkoman að félagsmálunum?

Ég og faðir minn keyptum okkar fyrsta bát saman í febrúar árið 1996. Strax um haustið mættum við á fund smábátafélagsins Reykjanes og þar var ég kjörinn fulltrúi á aðalfund LS. Ég var ritari Reykjanes í nokkur ár og gjaldkeri á undan formennsku sem ég gegndi frá árinu 2006. Síðan var ég kjörinn varaformaður LS árið 2012 og formaður ári síðar.

Verandi á þriðja formannsári, hvað er mikilvægast í þínum huga?

Brýnustu hagsmunamál LS þessa dagana eru strandveiðar og tilveruréttur smábátaútgerðarinnar yfirleitt, vegna þeirrar samþjöppunar sem er í sjávarútveginum í dag.

Krafa LS um strandveiðar hefur verið skýr undanfarin ár og öll aðildarfélögin hafa stutt hana: veiðar 4 daga í viku, 4 vikur í mánuði og með öllum þeim formerkjum sem gilda í strandveiðikerfinu í dag, utan heildarpottanna. Við höfum margsinnis bent ráðamönnum á að sóknin yrði jafnvel ekkert meiri því margir yrðu rólegri í vafasömum veðrum og færu þá ekki á sjó. Þá er ekki ólíklegt að betri fiskur fengist að jafnaði því oft er verið að skaka í misjöfnum veðrum í skjóli, inná fjörðum og grunnt þar sem gjarnan er smærri og lélegri fiskur.



Faðir Halldórs, Ármann Halldórsson lengst til hægri. Myndin er frá í mars 1965, tekið Sandgerði. Lúðan var rúmir 2 metrar og 165 kg slægð.

Álögð gjöld hvort sem eru veiðigjöld eða allskyns leyfis- og skoðunargjöld eru hlutfallslega miklu stærri kostnaðarliður hjá smábátaútgerðinni en stórútgerðinni sem oftast hefur vinnsluna á bak við sig. Almennigur í landinu flokkar sjávarútveg gjarnan sem eina heild og verst er að stjórnarandstaðan virðist ekki getað talað máli smábátaútgerðarinnar og gert greinarmun á útgerðarmynstri. Staða einyrkja og smærri útgerða er orðin grafalvarleg.



Formannsstóllinn mátaður. Barnabarnið, Karl Ágúst Ólafsson 4ra ára, heimsótti pabba sinn á skrifstofu LS.

Samskipti við stjórnvöld koma oft verulega á óvart. Margar breytingar sem gerðar eru á stjórnkerfi fiskveiða og hafa bein áhrif á smábátaflotann eru oftast en ekki þvert á ályktanir og stefnu Landssambandsins. Þrátt fyrir að fjölmenn félagasamtök eins og LS setji fram skýrar kröfur og skynsamlegar er eins og ekki sé hlustað á þær. Það er oftast en ekki fámennur þrústihópur sem nær fram breytingum þvert á vilja fjöldans.

Einnig er ótrúlegt hvernig Hafrannsóknastofnun hefur tekist að loka sig algerlega í þeim kassa að í engu megi hrófla við aflareglu í þorski. Þrátt fyrir að þeir telji sjálfir að þorskstofninn sé orðinn óþarflega stór og sjálfsát og fóðrun

stofnsins sé frekar óhagkvæm. Við megum ekki gleyma því að fiskurinn hefur sporð og hans eðlislega þörf snúst um það tvennt að éta og fjölga sér og þá skiptir ekki máli hvar ætið er. Fiskveiðilögsaga Íslands er ekki lokað fiskabúr. Það fer oft ekki vel saman að ætla að fylla fiskabúrið og ætla svo að fara að veiða úr því þegar vissu magni er náð.

Stjórnvöld eða ráðherra eiga að taka skynsamlega ákvörðun um hámarksafli í hverri fisktegund að því leyti hvernig aðstæður eru á sölumörkuðum á hverjum tíma.

Hvernig hafa samskiptin við félagsmenn gengið? Finnst þér samstaðan vera nægjanleg innan sambandsins eða mættu menn taka sig á í þeim efnum?

Það hefur verið góð reynsla að sinna starfi formanns og gaman að kynnast þeim fjölda sem smábátaeigendur eru. Samskipti við félagsmenn hafa flest verið á góðum og málefnalegum nótum. Mest eru þau í kringum aðalfundi svæðisfélaganna sem eru 16 talsins og svo aðalfundi Landssambandsins um miðjan október. Samstaða félagsmanna getur verið ótrúlega sterk og þannig er það oftast í erfiðustu málunum þegar mest reynir á.

En svo eru oft málefni sem koma upp þar sem hagsmunir sumra fara ekki saman með heildinni, þá klofnar hópurinn. Margir í okkar röðum eru ekki tilbúnir í að sætta sig við að meirihlutinn ráði ferðinni. Smábátaeigendur eru kóngar í sínu eigin ríki og skoðanir eru stundum jafnmargar félagsmönnum sjálfum.

Við hlið formennskunnar gerir þú út af krafti. Hvernig gengur að sameina þetta tvennt?

Í febrúar á þessu ári varð sameiginleg útgerðarsaga okkar feðga 20 ára og ég þekki það eins og flestir sem eru smábátaeigendur að ef maður gerir ekki hlutina sjálfur þá gerist ekkert. Og það þarf ekki að reikna með því að það sé einhver hlaupandi á eftir þér með launatékkann fyrir hvert verk sem þú sinnir.

Það var því allt í lagi að taka að sér formennsku og sjá hvernig spilaðist úr því. Fyrsta árið gekk



VDO HEFUR FLUTT AÐ TUNGUHÁLSI 19

MÆLAR

Fyrir báta og önnur tæki. Flestar gerðir til á lager.



VDO

Tunguhálsi 19 | 110 Reykjavík | Sími 588 9747 | www.vdo.is

ágætlega og ég réri eins og ég hafði gert að nokkru leyti, en þegar á leið sá ég að það gengi ekki upp. Ekki væri hægt að treysta á að það yrðu brælur þegar ákveðnir fundir, ráðstefnur eða atburðir ættu sér stað. Og ekki var ásættanlegt fyrir þann sem ráðinn var á bátinn með mér að bíða eftir því að ég væri tilbúinn til að fara á sjó. Því var ráðin áhöfn og síðan reynt að sinna því sem mest þurfti og auðvitað að halda bátunum í góðu ásigkomulagi. Auðvitað hef ég leyst áhöfnina af ef einhver úr henni þarf frí eða veikindi koma upp. Grásleppan er svo tímabil sem ekki er sleppt. Þetta hefur allt lukkast ágætlega en oft hafa verið allt of fáir tímar í sólarhringnum til að allt gangi upp.

En hver eru áhugamálin, utan vinnu og enn meiri vinnu?

Það hefur verið lítil tími fyrir áhugamálin, útgerðin hefur verið fullt starf og áhugamál númer eitt. Ég hafði og hef gaman að því að

spila golf en gef mér allt of lítinn tíma til þess, nýt þess félagsskapar með góðum vinum. Þá eigum við hjónin Ford Econoline og með tilkomu hans hefur okkur opnast ný sýn inná hálendi Íslands sem hefur algerlega heillað okkur í þeim fáu fjallaferðum sem við höfum farið. Samvera og frí með fjölskyldunni er efst á lista þegar tími gefst til.

Skilaboð til félagsmanna og annarra að lokum?


Það er mín von að félagsmenn LS komi skoðunum sínum vel til skila á fundum aðildarfélaganna og fylgi svo þeim ályktunum eftir sem samþykktar eru. Þannig komum við sterkastir fram sem heild. Að sama skapi eru skilaboð mín til stjórnslunnar þau að hlusta á það sem svona sterk félagasamtök álykta um og samþykkja, því þar fara heildarhagsmunir félagsmanna.

OFHLEÐSLA BÁTA

Skipstjórnarmenn eiga að vita hve mikinn farm bátur þeirra getur borið en samt gerist það að bátar sökkva vegna ofhleðslu.

Ef vel fiskast þarf að gæta þess að ofhlaða ekki bátinn svo tryggt sé að fólk og fley komist heilt til hafnar.

Láttu ekki aflann verða þér að fjörtjóni.



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

Samgöngustofa



VÉLASALAN

Til sjávar og sveita

Áratuga reynsla starfsmanna Vélasölnunnar og fjölbreytt vöruúrval, gerir Vélasölnuna að einu öflugasta þjónustufyrirtæki við sjávarútveg og iðnað á Íslandi.



VÉLASALAN

Dugguvogi 4 · 104 Reykjavík
Sími, 520 0000 · www.velasalan.is



Andrew Johnston, strandveiðimaður frá Suður-Afríku

Barátta smábátaveiðimanna og frumbyggja

Suður-Afríka er staðsett á syðsta odda Afríku. Landið er ægifagurt og heillandi, ríkt af ótal náttúru-auðlindum. Strandsvæðin og vistkerfi hafsins einkennast af líffræðilegum fjölbreytileika sem og landið allt.

Af mannvistarleifum má ráða hvernig landnám og búseta þróaðist í árbúsundanna rás meðfram ströndinni. Þar réð nýting hafsins fyrst og fremst för.

Efnahagslögsaga Suður-Afríku er skilgreind í þrjú svæði. Við Austurströndina er Inlandshafið

með hinn máttuga og hlúja Agulhasstraum, við Vesturströndina er Atlantshafið með hinn svala Benguelastraum og í suð-austri er tempraða svæðið þar sem gríðarlegur fjöldi fisktegunda heldur sig.

Þrátt fyrir fjölda auðlinda í jörðu og fjölbreyttar fiskveiðiauðlindir er auðæfunum sem skapast af þeim fjarri því að vera skipt með sanngjörnum hætti. Staðreyndin er sú að misrétti og misræmi er hræðilegt, atvinnuleysi er mikið sem leiðir af sér fátækt, heimilisleysi, glæpi, spillingu og matvælaóöryggi.

Í dreifbýlinu sem og á sumum þéttbýlissvæðum eru fiskveiðar algeng aðferð til fæðuöflunar

og afkomu. Veiðarnar fléttast saman við hefðir og trúarbrögð og eins og í flestum löndum líta smá(báta)fiskimenn í Suður-Afríku, sem veiða sér til framfærslu og matar svo á að þeir séu hinir sönnu réttshafar til veiðanna vegna forsögunnar - arfs kynslóðanna, efnahagslegri nauðsyn og hefðarétti.

Við í Suður-Afríku höfðum og höfum enn einstaklingsbundið kvótakerfi sem er samfléttað kynþáttahatri og aðskilnaðarstefnu fortíðarinnar. Um allan heim eru slík kvótakerfi þekkt sem forréttindafyrirkomulag fyrir þá auðugu og forsmá hina fátæku.

Hið einstaklingsbundna og framseljanlegra kvótakerfi í Suður-Afríku styðst við lögin um „Hinar lifandi auðlindir hafsins“ (Marine Living Resources Act). Himinhá gjöld, innbyggð í kerfið, hafa leitt til örbirgðar; Fjölmargir hafa misst lífsviðurværi sitt og lent á félagslegri vonarvöl. Varnarlausir fiskimenn og fiskverkafólk hafa einfaldlega brotnað niður andlega, gefist upp og tvístrast.

Kvótakerfið hefur sannarlega ekki stuðlað að sanngjarnri dreifingu veiðiheimilda. Þvert á móti. Kerfið hefur stuðlað að auknu misrétti milli þeirra sem „eiga“ og „eiga ekki“. Það hefur leitt til aukinnar spillingar, glæpa og átaka með matvælaóöryggi og veiðipjófnað sem fylgifyska. Kerfið sýnir menningu og mannlegri reisn enga virðingu og skeytir því síður um óréttlætið sem fiskimannasamfélögin hafa þurft að þola til fjölda ára. Niðurstaðan er sú að einkavæðing veiðiréttinda á fiskistofnum sem fjölmargir smábátaveiðimannasamfélög höfðu lífsviðurværi sitt af ógnar tilverugrundvelli þeirra.

Meirihluti smábátafiskimanna í Suður-Afríku búa við aðstæður sem best er lýst með orðunum skammarlegar, fyrirlitlegar og niðurlægjandi. Þeir eru skildir eftir bjargarlausir vegna óréttmætra úthlutana sem reitt hafa þá til reiði og framkallað virðingarleysi gagnvart auðlindum sjávar.

Gríðarlegt vantraust ríkir á milli hefðbundinna sjávarbyggða og fulltrúa ríkisstjórnarinnar um fiskveiðar. Sérstaklega á þetta við þá sem upplifa sig sem afgangsstærð í hagkerfi sem



Fiskimenn mótmæla. Réttindabarátta frumbyggja og strandveiðimanna í S-Afríku hefur verið löng og ströng og er hvergi nærri lokið.

hyglir pólitískt tengdum aðilum sem koma sjálfir hvergi nærri fiskveiðum.

Þessar tilfinningar, höfnun, blekkingar og svik í aðgerðum stjórnvalda hafa leitt til sívaxandi lögbrota, eins og hömlulauss veiðipjófnaðar, ofveiði og ískaldrar vanvirðingar gagnvart auðlindum hafsins. Veiðipjófnaður og ofveiði hafa dafnað þrátt fyrir eftirlit og handtökur. Það blasir við að regluverkið hefur algerlega brugðist.

Þeir sem nýta auðlindirnar hafa tilhneigingu til að hunsa reglur og reglugerðir og finna ótal leiðir til þess. Svo virðist að viðhorfið sé að blóðmjólka náttúruna og þessvegna hvern annan. Náttúran og umhverfið, hvort sem um ræðir vötn og skóga á landi eða umhverfið í hafinu mun ekki lifa þessa herferð af.

Virðingu fyrir hafinu hefur að eilífu verið sundrað. Hin forna trú Afríkubúa „það sem er nálægt okkur er okkur kært“ fellur nú á dauf eyru. Í dag eru engin vistkerfi óhult fyrir sókninni eftir gróða. Mest tjón hefur verið unnið

innan sjávarútvegsins sem er svo illa stýrt að til að rétta það af þarf gríðarlegt átak til að hnignun auðlindarinnar verði stöðvuð.

Árið 2005 höfðu fiskimenn, studdir af Artisanal Fishers Association (Félag frumbyggja-veiðimanna) og Masifundise (hliðstæð samtök), dómsmál fyrir Hæstarétti og Jafnréttislagadómstóli Suður-Afríku. Rök þeirra voru að lögum um hinar lifandi auðlindir hafsins mismunuðu mönnum og brytu á þeim mannréttindi. Í maí 2007 fyrirskipaði Hæstiréttur ráðherra fiskveiða að þróa nýja stefnu sem rúmaði félags- og efnahagsleg réttindi þessara fiskimanna ásamt því að tryggja þeim aðgang að auðlindum hafsins.

Það er sagt að góðir hlutir gerist hægt, en í okkar tilfalli hafa þeir gerst á hraða snigilsins. Það var ekki fyrr en í júní árið 2012 sem stjórnvöld féllust á að setja saman stefnu varðandi smábáta- og frumbyggjaveiðarnar, þróaðar í samvinnu við þeirra forsvarsmenn.

Í hinu nýja fyrirkomulagi er horfið frá einstaklingsbundnum réttindum til fiskveiða. Réttur byggðarlaga er viðurkenndur sem og lagaleg réttindi smábátaveiðimanna. Annar gríðarlega mikilvægur þáttur sem náðist inn í hið nýja fyrirkomulag var að sérstök veiðisvæði smábátaveiðimanna eru frátekin varðandi veiðar á fjölmörgum fiskitegundum, árið um kring. Þessum svæðum var lokað fyrir stórútgerðinni. Þá er ekki síður mikilvægt að réttur kvenna í fiskveiðisamfélögum er viðurkenndur, varðandi fiskveiðarnar og annarsstaðar í virðisaukakeðjunni.

Þetta getur haft gríðarlega þýðingu og ef stefnan verður framkvæmd réttlátlega mun það gjörbreyta lífi og aðstæðum fjölmargra. Við mat á núverandi stöðu, sérstaklega varðandi hina smáu í sjávarútveginum erum við eindregið þeirrar skoðunar að notast beri við svæðisbundna fiskveiðistjórnun ásamt samvinnufélögum og félagslegum þróunarverkefnum.



Virðing | Sjálfbærni | Velferð

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngírni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afkrastur í starfsemiinni.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngírni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

*Sendum sjómönnum og öllum öðrum,
sem starfa við íslenskan sjávarútveg,
kveðjur í tilefni sjómannaþingsins!*

Hafnargata 2 | 900 Vestmannaeyjar | sími 488 8000 | vsv@vsv.is | www.vsv.is

Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum **VSV**

Þannig muni takast að auka verndarþátt stjórnkerfisins ásamt því að bæta, oft á tíðum, hörmulegar aðstæður hinna fátæku samfélaga, bæði félags- og efnahagslega.

Við erum líka sannfærð um að samfélög sem byggja á svæðisbundinni fiskveiðistjórnun munu skila sjálfbærri nýtingu sjávarfangsins á viðkomandi svæðum. Heildrænt samfélaglegt fyrirkomulag þýðir sterkari meðvitund íbúanna um velferð heildarinnar og raunverulegar þarfir hennar. Eitt af því sem breyta þarf í þessu sambandi er sölufyrirkomulag sjávarafurðanna. Hverfa þarf frá kerfi sem verið hefur, þ.e. tilviljanakenndum inngripum einstaklingsfyrirtækja og stofna til lýðræðislegra samvinnufélaga.

Burtséð frá því að innlend fiskveiðilöggjöf og framkvæmd hennar beri ábyrgð á nýtingu auðlindanna á grunnslóð, verður markmiðum um sjálfbærni aðeins náð með því að samfélögin sjálf stjórn veiðunum og beri í leiðinni ábyrgðina.

Margir embættismenn sem starfa í fiskveiðiráðuneytinu og stjórnsýslunni telja þetta óæskilega þróun. Þar skín í gegn ótti þeirra við að missa völd til að ráðskast með fólk. Auðvitað ættu þeir að fagna því að hafa tækifæri til að starfa með fólk, en það er ekki alltaf svo.

Málefni stjórnsýslunnar, þ.e. framkvæmd auðlindastjórnunarinnar er meiriháttar áhyggjuefni margra okkar. Ástæðan er sú að við innleiðingu þeirra hugmynda sem að framan greinir rekst framkvæmdin á alskyns pólitískar hindranir og spillingu þar sem hver höndin er upp á móti annarri.

Þá er ekki síður vandamál að stjórn mála- og embættismenn hafa mjög takmarkaða þekkingu

á því sem þeir eru að véla um. Ákvarðanir eru því oft teknar á grundvelli þröngra sérhagsmuna, þrústings frá óskildum aðilum og lítilli sem engri þekkingu á því sem um er fjallað. Tilhneigingin er því miður í þá átt að ákvarðanir koma eins og skrattinn úr sauðaleggnum.

Við stöndum enn uppi með þá staðreynd að veiðiréttindum er úthlutað á grundvelli pólitískrar hollustu, vinagreiddavæðingar og siðleysis frekar en á grundvelli félagslegs réttlætis og jafnræðis. Stjórnvöld, stjórnendur og „ráðgjafar“ þeirra hunsu þá staðreynd að í húfi er þróun frjálsra friðsælla samfélaga, mannréttindi, eiginfé og varðveisla og sjálfbærni auðlinda hafsins.

Það eru fleiri sem þurfa að hugsa sinn gang. Umhverfis- og verndunarsinnar verða að gera sér grein fyrir að það er útilokað að fjalla um umhverfismál ef útiloka á hið mannlega samfélag í þeirri umræðu. Með þeirri nálgun framkallst virðingarleysi samfélaganna fyrir umhverfinu sem og innbirgðis. Mannréttindi og félagslegt umhverfi er hluti af umhverfismálum.

Allt sem við viljum er að lifa mannsæmandi lífi hér og nú. Við viljum vera viðurkennd sem manneskjur með réttindi, að vera heimilt að framfleyta fjölskyldum okkar en ekki rænd öllu þessu af öflugum og áhrifamiklum eiginhagsmunahópum fólks sem lætur sig þetta engu skipta.

Við viljum líka að ávextir lýðræðis okkar og frelsis sem við höfum barist svo hart fyrir fái að þroskast og að ríkisstjórnin hrindi í framkvæmd fallegu fyrirheitunum.


Andrew Johnston

Ker Umbúðamiðlunar eru eingöngu ætluð undir matvæli.



Umbúðamiðlun ehf.
Sími: 5556677





Fróðleiksmolar um Suður Afríku

Suður-Afríka er 25. stærsta land í heimi, 1.221.000 km². 200 mílna efnahagslögsagan er 1.536.000 km². Þegar litið er á hefðbundið landakort er erfitt að átta sig á því að landið er ríflega helmingur af stærð Grænlands.

Strandlengjan er 3.623 km og landgrunnið er um 275.000 km².

Suður-Afríka liggur hátt yfir sjó, meðalhæðin er 1034 metrar. Til samanburðar er meðalhæð Íslands 557 metrar. Landið er veðursælt.

Það er ekki síður ríkt af auðlindum, gulli, platínu, krómi og fjölmörgum öðrum málum.

Fiskveiðar vega lítið í vergri þjóðarframleiðslu, eða um 1%. Þær eru engu að síður mjög mikil-

vægar fyrir fjölmörg strandhéruð. Heildarveiðin er á bilinu 400-600 þúsund tonn. Sumar tegundirnar eru mjög verðmætar, eins og Abalony (kuðungur) og humar.

Gríðarlegur fjöldi fisktegunda lifir innan lögsögunnar (taldar vera um 2.200) og fjölmörg heimsmet hafa verið slegin hvað varðar stærstu fiska sem veiddir hafa verið.

Íbúar eru um 54 milljónir og töluð eru 12 opinber tungumál, auk margra annarra.

Árið 2015 var 26% atvinnuleysi í Suður-Afríku. Meðalævilengd er 62 ár og árið 2012 bjuggu 26% íbúanna undir fátækramörkum.

Sjálfstæði öðlaðist landið frá breska heimsveldinu árið 1910.

Aðskilnaðarstefnan illræmda var opinberlega afnumin árið 1991, 81 ári síðar.

PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofbéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**





Á leið á miðin. Í byrjun maí lifnar yfir fjölmörgum höfnum landsins. Hundruðir smábáta hefja þá strandveiðar.

**Jón Steinn Elíasson,
forstjóri Toppfisks skrifar:**

Mikilvægi strandveiða

Strandveiðar eru heldur betur búnar að sanna hversu nauðsynlegar þær eru þjóðarbúinu.

Yfir sumarmánuðina fer megnið af vertíðarflot-
anum í klössun og er því stopp fram á næsta
kvótaár. Eitthvað af trollbátum eru í smákroppi.
Strandveiðarnar halda því algjörlega uppi fisk-
mörkuðunum yfir sumarmánuðina.

Flestar af okkar fiskvinnslum væru óstarf-
hæfar ef strandveiðarnar hefðu ekki komið til
sögunnar.

Við innan SFÚ (Samtök fiskframleiðenda
og útflytjenda) kunnum svo sannarlega að
meta þetta. Hitt finnst mér stórfurðulegt að
útgerðarvinnslur sem voru algjörlega á móti
strandveiðum eru komnar á fullt í að kaupa
þennan fisk á mörkuðum. Þetta eru hinir sömu

og gerðu skipulegar árásir á þennan veiðiskap
í byrjun. Sem betur fer náðu þeir ekki ætlunar-
verki sínu.

Strandveiðarnar eru þjóð okkar til sóma. Við
erum fiskveiðiþjóð og þurfum að sýna ferða-
mönnum og fleirum hvað þetta er magnað,
hringinn í kringum landið, ásamt því að við
stöndum undir þeim væntingum sem fiskveiði-
þjóð að getum boðið ferskan fisk allt árið.

Strandveiðarnar eru eini veiðiskapurinn sem
skapar einhverja nýliðun og frjála samkeppni.
Þeir stóru eru löngu farnir að hrifsa allt of mikið
til sín í gegnum fiskmarkaðina. Samkeppnis-
yfirvöld hafa nákvæmlega ekkert gert varð-
andi hinn ójafna leik sem viðgengst milli
útgerðarvinnslanna og okkar hinna.

Við þurfum að gefa strandveiðar frjálsar yfir
þennan tíma sem þær eru stundaðar. Takmark-
anir á veiðitíma eru meira en nægilegar.

Þessu þarf að koma í gegn fyrir næsta fisk-
veiðiár.

Jón Steinn Elíasson

Bílaraf

alternatorar og startarar í báta

VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR • GOTT VERÐ

Alternatorar

Mikið úrval alternatora í flestar tegundir véla. Þekking og reynsla.



Startarar


Mikið úrval í flestar tegundir véla. Góð kunnátta og þjónusta.



Sími 564 0400
bilaraf@bilaraf.is • www.bilaraf.is

Bílaraf

Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður



Álftanesið árið 1870. Þeir staðir sem helst eru nefndir í greininni eru merktir.

Til upplestrar á inn- eða útstími

Eins og öllum er kunnugt er forsetaembættinu sinnt frá Bessastöðum á Álftanesi. Bessastaðir voru áður fyrr aðeins eitt af fjölmörgum býlum á svæðinu, þó það væri sínu fyrirferðamest. Birtingarmynd lífsins og búskaparháttanna okkar sem nú erum á fótum er talsvert öðruvísi en sú sem ábúendur Álftanessins áttu að venjast fyrir miðja nítjándu öldina (u.þ.b. 1850).

Í dag eigum við því helst að venjast að sjá myndir af forseta vorum, glæsilegum til fara sem og hýbýlum öllum í kring. Það er að vonum, setur sjálfs þjóðhöfðingjans.

Í stórmerkilegri bók Jóns Thorarensen, Sjósókn, sem gefin var út af Ísafoldarprentsmiðju árið 1945, eru lýsingar á útgerðar- og búskapar-

arhátum íbúa Álftaness sem eru vægast sagt framandi.

Sem dæmi er þennan kafla að finna í bókinni:

„Í Bakkakoti bjó Gottsveinn Jónsson, sem var einsetumaður og að austan ættaður, eins og nafnið bendir til. Hann var nokkuð hár maður og þrekinn, með dökkjarpt hátt og alskegg samlitt og morleitur í andliti.

Hann var mjög einkennilegur maður og með sínu lagi í öllu því, er að honum laut. Hann gekk oft með flatnings sax í munninum, sem hann hafði brugðið á milli tanna sér og þriggja álna járnstöng, sem hann hafði í báðum höndum

Þversum fyrir sér. Var hvass oddur á stönginni á öðrum endanum. Kvað svo rammt að þessu að mönnum var almennt illa við þetta og einkum voru börn hrædd við hann.

Gottsveinn var vel efnaður maður, en ókvæntur og bjó alltaf einn. Hann efnaðist á formennsku sinni og útgerð, er hann hafði á yngri árum. Hann átti alla tíð mikið fé inni í Linnetsverslun í Hafnarfirði.

Gottsveinn keypti svo Kasthúsin og fluttist þangað, en átti eftir sem áður Bakkakotið. Í Kasthúsum bjó hann, eins og vant var, sem einsetumaður og hafði tvær kúr og nokkrar kindur og einn hest. Inni hjá honum var bekkbaðstofa og voru bæjardyr til hliðar við baðstofu og göng úr þeim inn í bæinn.

Á stafnpili baðstofunnar móti suðri var gluggi og var rúm Gottsveins öðru megin við gluggann, en kúrnar hafði hann í baðstofunni hinu megin við gluggann á móti rúmi sínu og sneru þær rössum að herra sínum og rúmi hans.

Mokaði hann undan kúnum alltaf út um baðstofugluggann.“

Þetta hlýtur að hafa verið kostuleg sjón. Víst má telja að morgunverk Bessastaðabóndans, a.m.k. hin síðari ár eru talsvert á annan veg.

Það má hinsvegar velja því fyrir sér hvort lyktin hefði nokkuð skánað í baðstofunni við að hafa kúrnar annarsstaðar. Nóbelskáldið okkar benti á að áhugi landsmanna á böðum og þrifnaði hér áður fyrr var mjög af skornum skammti.

Fyrstu beinu afleiðingar togveiða við Ísland?

Margt fleira óvanalegt og merkilegt er að finna í bókinni Sjósókn. Þar er t.a.m. rakin saga og þróun veiða sem stundaðar voru í og við ós Bessastaðatjarnar, sem liggur beint norður af Bessastöðum. Þar sem hún lá opin fyrir hafi var kallað Seylan, en þar ætluðu Tyrkir forðum að taka land, en dónarnir strönduðu á skeri utar í Skerjafirði, góðu heilli. Ósinn á tjörninni nefndist Dugguós og þar mokveiddu menn kola, sem og fyrir utan hann. Aðallega voru net notuð til veiðanna, en það þótti talsvert sport að fara með sting og vaða á svæðinu. Í eitt skiptið fengu strákhnokkar sem læddust, vonandi í leyfisleysi þarna niðureftir, u.þ.b. 70 kola á dagsstund. Í netin fengust einnig lúðulok, allt að 6 kg. að þyngd.

Ábúendum á svæðinu þóttu þetta ein „indælustu hlunnindi“ sem hugsast gat. Niðurlag þessa kafla í bókinni er þeim mun nóturlegri.

Orðrétt segir þar:

„Ári eftir að fyrstu togararnir komu hér í Faxaflóa, hurfu þessi dúrmætu hlunnindi frá þessum tveimur jörðum (Bessastöðum og Breiðabólstað) og verður sá skaði alltaf ómetanlegur“.

Þessi orð voru ekki höfð eftir einhverjum sem var í hagsmunapoti fyrir einn eða neinn, heldur náttúrubarni sem las umhverfi sitt með berum augum fyrir hartnær 150 árum.



VEÐUR-APPIÐ

Veðurstofa Íslands

Veður Veðurstofa Íslands www.vedur.is



Orri Vigfússon, formaður NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna í Norður-Atlantshafi:

Til smábátasjómannanna, landeigenda, ferðaþjónustufólks og annarra er málið varðar

Við leitum ábendinga og upplýsinga um vistkerfi innfjarða á Vestfjörðum. Þar hefur verið sótt um leyfi fyrir fiskeldi í opnum sjókvíum fyrir tugi þúsunda tonna ársframleiðslu. Starfshópur NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna, óskar eftir upplýsingum um allar hugsanlegar afleiðingar þeirrar starfsemi. Því leitum við til ykkar um ráð.

Við teljum að sjókvíaeldi í stórum stíl á ógeldum, kynbættum laxi af framandi uppruna skaði lífríkið verulega, m.a. vegna saur- og grúrtarmengunar sem getur spillt fiskimiðum í fjörðunum og haft þannig áhrif á afkomu sjómanna. Náttúrulegt jafnvægi í vistkerfinu mun raskast og samsetningin gjörbreytast. Áhrifin kæmu fram í öllu lífríki Ísafjarðardjúps og annarra fjarða þar sem stórfellt fiskeldi yrði stundað, í smádýrum, fuglalífi, fiskum og skeldýrum (m.a. rækju og kræklingi). Þá er mikið

æðarvarp víða á Vestfjörðum og sumt af því friðlýst, talsvert er enn af lunda og kríu auk margra annarra farfuglategunda sem allar eru viðkvæmar fyrir grútar- og saurmengun frá fiskeldi. Íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á velferð villtra fugla og annara dýrategunda skv. skuldbindingum í nokkrum alþjóðsamningum. Ekki má gleyma því að inni á þessu svæði eru viðkvæm óðul arnarins.

Í næsta nágrenni fyrirhugaðra sjókvía á Ísafjarðardjúpi veiðast árlega um og yfir 1.000 laxar og a.m.k. 500 silungar. Þrátt fyrir miklar öryggiskröfur er ekki hægt að koma í veg fyrir að eldisfiskur sleppi út í náttúruna. Í Noregi hefur erfðaskaði af völdum laxeldis komið niður á stofnum í tveimur af hverjum þremur laxveiðiám í landinu. Fordæmið frá Noregi sýnir einnig að sníkjudýr, sérstaklega aukin laxalús, og mengun frá fiskeldinu gæti á fáeinum árum tortímt laxa- og silungsstofnum í ám sem í þessa firði falla. Fjöldi háskóla og annarra

Fuglalíf á Vestfjörðum

Æðarvarp



© Jóhann Óli Hilmarsson

Important Bird Area

IBA: Fjölsetið búsvæði fugla þar sem tegundirnar eiga sér kjörlendi og treysta á ríkulegt fæðuval og hagkvæma varpstaði. Þar eru stærstu æðarvörp landsins.

AEWA: Samningur sem tryggja á að öll nýting á sjó- og vatnafuglum sé grundvölluð á mati sem byggt er á bestu fánlegu þekkingu á vistfræði fuglanna og að nýting tegundanna sé sjálfbær.

RAMSAR

Fjölbjóðasamningur um verndun alþjóðlegra mikilvægra votlendissvæða. Nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra.



© Jóhann Óli Hilmarsson



© Jóhann Óli Hilmarsson



Eldislax að stökkva í kví.

vísindastofnana vinna nú hörðum höndum við að finna leiðir til úrbóta fyrir fiskeldið en vísindamenn viðurkenna að raunhæfar lausnir séu ekki í sjónmáli.

Áður en nokkuð verður aðhafst sem gæti skaðað lífríkið viljum við því láta meta verndargildi þess, m.t.t. fiska og fugla á öllum þessum fjörðum. Hætta er á að áformað fiskeldi í opnum sjókvíum myndi líka bitna á samfélagsþróuninni, skaða ört vaxandi ferðabjónustu og þekkingariðnað og þá hreinu og ósnortnu ímynd sem enn

einkennir Vestfirði. Haldi fram sem horfir eru líkur á að draga muni úr efnahagslegri velferð til lengri tíma. Við teljum að á Vestfjörðum þurfi að gera ítarlega úttekt á atvinnumöguleikum sem henta best íbúunum þar og hagsmunum þeirra með áherslu á að arðurinn nýtist heima í héraði.

Vinsamlega sendið okkur upplýsingar og ábendingar á netfangið: nasf@nasf.is

ÓSKUM ÖLLUM SJÓMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS!



Eru skip fortíðar einskis virði?

Skemmst er að minnast þess að eitt merkilegasta – ef ekki merkilegasta – fiskiskip Íslendinga, Sigurður RE 4 (síðar VE 15) fór í brotajárn til Evrópu. Sú saga er í hnotskurn meðferð Íslendinga á þeim fiskiskipum sem skapað hafa auðlegð þjóðarinnar. Þetta er því athygliverðara í ljósi þess að við erum eyþjóð og áttum lengst af öll okkar samskipti, þar til flugsamgöngur komu til sögunnar, undir samgöngum á hafi.

Á ferðum okkar erlendis getum við vitjað safna þar sem þjóðir heims, sérstaklega á vesturhveli jarðar, hafa tekið sig til og varðveitt skip sem hluta af sögu sinni. Slíkt safn er ekki að finna hérlendis þó vissulega séu til söfn sem varðveita brot af því sem um ræðir.

Dugmiklir einstaklingar hafa bjargað því litla sem bjargað verður. Ríki og sveitarfélög verða að eiga það skuldlaust að hafa gert eins lítið í þessum efnum og kostur er og raunar talsvert minna. Ekki eru mörg ár síðan stórmerkilegir bátar brunnu í geymslu þjóðminjasafnsins í Kópavogi þar sem börn léku sér að eldspítum.

Þeir sem leggja leið sína til Akureyrar sjá flestir ef ekki allir glæsilegan trébat við Torfunesbryggjuna, beint undan miðbænum. Sá ber nafnið Húni II. Þetta skip er frábært dæmi um framtak áhugasamra einstaklinga í þessum efnum. Saga Húna II verður ekki rakin hér, hvað sem síðar verður, en á aðalfundi Hollvinafélags Húna II sem haldinn var á Akureyri hinn 30. apríl s.l. var eftirfarandi samþykkt:

„Hollvinir Húna II skora á Minjastofnun og stjórnvöld að standa betur að verndun gamalla skipa og báta. Félagið leggur til að fylgt verði svipaðri stefnu varðandi verndun gamalla báta og gert er við verndun gamalla húsa enda hafa



Húni II við Torfunesbryggjuna á akureyri. Glæsilegur fulltrúi fyrri tíma sjávarútvegsins á Íslandi.

skip og bátar í gegn um aldirnar verið jafnt íverustaðir sem atvinnutæki sjómanna meðan þeir hafa dvalið langtímum að heiman. Löngu er tímabært að stoppa þá óheillaþróun að skipum og bátum sé eytt án tillits til sögu og menningargildis. Þá leggur félagið til að lögum um minjavernd verði breytt þannig að skip verði fornminur við ákveðinn aldur, t.d. 50 ár, en ekki miðað við ártalið 1950 eins og nú er gert“.

Við þetta má bæta að til að bifreið verði „fornbíll“ þarf hún að ná 25 ára aldri. Samþykkt Hollvinafélags Húna II er löngu tímabær. Brimfaxi skorar á alla þá sem geta lagt því lið að fiskiskipum fortíðar sé sýnd sú virðing sem þeim ber að bregðast við. Ísland hefði ekki byggst án snjallra sjófarenda og bátasmiða. Fiskibátar og skip hafa gegnt lykilhlutverki í framþróun, afkomu og sögu þjóðarinnar. Víða erlendis eru skipa- og sjóminjasöfn vinsælir viðkomustaðir ferðamanna. Er ekki kominn tími til að fara að létta þrústingnum af Gullfossi og Geysi?



RAFGEYMASALAN

Dalshrauni 17 Hafnarfirði 565 4060
sala@rafgeymar.is www/rafgeymar.is



Svona á skrúfan að líta út þegar bíúð er að hreinsa hana og þússa!

Vélfræði 101

Speilfægð skrúfa skiptir miklu máli!

Flestir bátseigendur taka sig til þegar þeir setja á land og þrifa og slípa skrúfuna. Nokkuð misjafnt er hversu mikil vinna er lögð í þetta og sumir láta nægja að koparinn sé sæmilega sýnilegur og glansandi.

Rannsóknir sýna að rétt þrífing og gljáfægð skrúfa getur skipt ótrúlega miklu máli. Speilfægð, miðað við að hún sé orðin spansgræn og smávægilega kölluð getur hún sparað hvorki meira né minna en 5% í olíukostnaði. Til eru dæmi þess, þar sem skrúfur hafa verið orðnar mjög kalkeraðar, að munurinn hefur farið yfir 15%.

Hvernig er best að fægja skrúfuna?

Fyrir það fyrsta ber algerlega að forðast að nota verkfæri sem geta rispað hana og hvað þá sett í hana rákir eða dældir. Það síðarnefnda (t.d. með því að nota harðar skífur) getur stórskemmt skrúfuna og jafnvel tekið úr henni jafnvægið sem hún var stillt með í upphafi, valdið titringi sem að sjálfsgöngu hefur keðjuverkun á annað í skrúfubúnaðinum. Þá er það staðreynd að slípun með hörðum skífum tætur furðu mikinn málm af skrúfunni. Þá er ótalið að með því að dælda hana, jafnvel smæstu

rákum, stækkar yfirborðið og gefur gróðri betri „fótfestu“.

1. Notið mjúkan bursta þar til koparinn er orðinn vel sýnilegur.
2. Notið slípmassa (t.d. Star Clean eða Astonish) þar til koparinn glansar eins og spegill.
3. Bónið skrúfuna með skútubóni (t.d. UV Vax).

Þáttur skrúfunnar í olíueyðslu og ganghraða hefur verið rannsakaður mikið undanfarið ár. Það hefur komið mjög á óvart hversu mikilvægur þáttur hennar er, því hlutfallslega er yfirborð skrúfunnar smáræði miðað við skrokkflöt undir yfirborði. Á móti kemur að þetta litla yfirborð hreyfist hratt, ysta brún á venjulegum skrúfum ferðast með allt að 100 km hraða á klst.

Að halda sótínu í skefjum

Flestir vita að þegar ný díselvél er tekin í notkun er sú aðferð notuð að spreypja vatni á lofthreinsarann til að halda sótínu í burtu. Nújustu vélar eru komnar með vélrænan búnað til þess arna.

Dæmi eru um að menn með eldri vélar hafi heyrt af þessu þjóðráði og haldið að þetta gildi

Þá líka um þeirra vélar. Svo er alls ekki. Vélum sem hafa verið í notkun á alls ekki að bjóða uppá þessa meðferð, hún getur reynst þeim skeinuhætt. Þá er nauðsynlegt fyrir þá sem eru með nýjar vélar og hafa trassað að spreypja þær, að þegar aðferðinni hefur verið hætt, þá er henni hætt til framtíðar.

Díselvélar eru þannig hannaðar að þeim líður best í púli – hörkuvinnu. Það er mikill misskilningur þeirra sem eru að „spara“ vélina sína með því að keyra aldrei á miklum snúningi, að þá séu þeir að gera henni til góða. Sérstaklega á þetta við um túrbínuvélar, en oftast kemur hún ekki inn fyrir er á töluverðum snúningi.


„Vandi“ lítilla díselvéla er að þær vinna sjaldan undir álagi, en það er einmitt þá sem þær sóthreinsa sig – og líður mikið betur fyrir vikið.

Hvernig er reykurinn á litinn?

Þegar díselvélum er startað í gang er algengt að reykur sýnir sig, umfram það sem gerist þegar vélin hefur hitnað.

Liturinn á reyknum segir sögu og ekki eru allir með á hreinu hvað hver litur táknar. Litirnir eru þrír: blár, svartur og hvítur (grár).


1. Svartur reykur er algengastur. Hann táknar að bruninn í vélinni er ekki fullkominn. Fyrir því geta verið margar ástæður. Þær verða ekki allar taldar upp hér, en geta verið allt frá sliti í tímareim, óhreinindum í dísum og galla í forþjöppu, til lélegs lofthreinsara.
2. Blár reykur er merki um bruna á smurolíu. Eins og í tilfelli svarta reyksins geta ástæðurnar verið fjölmargar, en algengast er að ventlar séu orðnir óþéttir eða stimpilhringir. Þess eru dæmi að léleg smurolía valdi bláum reyk.
3. Hvítur reykur er merki þess að hráolíu sleppur óbrunnin út í útblásturskerfið. Ástæðurnar geta verið bilaðar dísur, að tímareim sé slitin eða þjöppun orðin léleg. Hvítur reykur getur einnig þýtt að vatn leki



Vatnsúða sprautað inn á túrbínu.

inní brunahólf, sem er í flestum tilfellum merki um ónýta heddpakkningu eða sprungu í heddi eða blokk.

4. Fjórða útgáfan af óæskilegum reyk er sá sem gerir vart við sig þegar yfirbrústingur myndast í sveifarhúsi. Í þeim tilfellum er upptekt framundan á vélinni.



Litirnir sem um ræðir. Blár merkir smurolíu, svartur lélega eldsneytisbrennslu og hvítur vatn eða óbrunnið eldsneyti.

Framangreint er fyrst og fremst ætlað til að vekja menn til umhugsunar. Vélaumboðin veita fúslega allar upplýsingar og mikill fróðleikur er á netinu um þessi mál.


MaxSea V3

Nýr Time Zero Professional

Í nýrri útgáfu Time Zero frá MaxSea, V3 Professional, er MaxSea fyrirtækið búið að koma til móts við flestar óskir skipstjórnarmanna um breytingar á Time Zero. Flestir notendur MaxSea sem söknuðu margs úr eldri útgáfum MaxSea, til dæmis framsetningar og meðhöndlunar á tvívíddar- og þrívíddargögnum í eldri útgáfum MaxSea, eru ekki aðeins sáttir við framsetningu í MaxSea V3 Time Zero Professional heldur meir en lítið hrifnir. Nýjungarnar eru fjölmargar, hér verður aðeins sagt lítillega frá tveimur.

Dúpissöfnun, tví- og þrívídd

Myndræn framsetning á botni er afar þétt og heilsteypt, eyður hverfa vegna nýrrar aðferðar í V3 sem gerir það að verkum að punktar geta verið breytilegir (adaptive) að stærð. Árangurinn er enn betri mynd af botni en best



Þrívíddarkort af botni í nýja MaxSea V3 Time Zero Professional.

þekktist í eldri útgáfum forritsins. MaxSea hefur bætt við nýju vinnusvæði og stiku í Time Zero V3 Professional sem er afar einföld og skemmtileg að vinna með þegar verið er að teikna upp botninn. Eins má nefna að nýja þrívíddar viðmótið í V3 (kassinn) er betrumbætt en mjög líkt því sem menn þekkja úr eldri útgáfum MaxSea, sbr. mynd til hægri.

Lögleg sjókort, S57/S63

Auk hefðbundinna CMAP sjó korta getur Time Zero V3 Professional notast við lögleg rafræn sjó kort (ENC), sömu sjó kort og notast er við í ECDIS siglingabúnaði. ENC kortin eru uppfærð með einfaldri aðgerð í Time Zero V3 Professional, þannig að skipstjórnandinn getur ávallt unnið með nýjustu og bestu sjó kortin sem til eru. Rétt er að benda á að þetta gerir MaxSea Time Zero V3 Professional ekki að löglegum ECDIS sem kemur í stað pappírskorta. Það breytir ekki því að Time Zero er V3 Professional og er nú mun öflugra siglingatæki en áður. Þau skip sem eru með ECDIS fyrir og áskrifendur að ENC kortum geta notað þau sömu í Time Zero V3 Professional án auka mánaðarlegra áskriftargjalda.



Sýnishorn af ENC korti í nýja MaxSea V3 Time Zero Professional.

Meðal annarra nýjunga eru úmsar aðgerðir og vinnslur sem miða fyrst og fremst að því að stuðla að auknu öryggi sæfarenda. Segja má hvað öryggisatriðin varðar sé MaxSea Time Zero V3 farin að líkjast ECDIS búnaði töluvert, án þess að nokkuð hafi verið slegið af kröfunum sem gerðar eru til Time Zero sem fiskiplotters.

Um leið og Maxsea setur V3 Professional útgáfuna á markað, kemur ný útgáfa fyrir trillurnar, Maxsea Time Zero V3 Navigator. Navigator V3 hefur langflesta eiginleika Professional V3 og verðið er svo gott að nú þarf enginn að burðast lengur með ólöglegar útgáfur Maxsea. Trillukarlar eru hvattir til að kynna sér málið hjá Brimrún og samstarfsfyrirtækjum um land allt.

Flotvinnugallar

Fyrir sjóveiðina
MOKVEIÐIKRÓKAR



Fluorescent þríkrækjur

Sufix



Gúmmí krókar 5 stk. pk.
6/0 kr. 695.00 pk.
14/0 kr. 895.00 pk.

Vönduð lína frá SUFIX - 500 mtr.
1,6 mm kr. 3.310
1,8 mm kr. 5.800

Vesturröst

Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is


Hvalur hf



LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Hafnarsjóður Þorlákshafnar



Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannaþingsins



samskip



Bolungarvík

Aðilarfélög Landssambands smábátæigenda senda félagsmönnum sem landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi

Smábátafélag Reykjavíkur

Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ

Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum

Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum

Félag smábátæigenda á Austurlandi

Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi

Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra

Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi

Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi

Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra

Smábátafélagið Strandir

Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi

Strandveiðifélagið Krókur

Drangey, smábátafélag Skagafjarðar